

Til varnar frelsinu

nokkrar greinar um Sjálfstæðisflokkinn 2014-2017



Óli Björn Kárason

Fylgt úr hlaði

Á síðustu árum hef ég átt þess kost að skrifa vikulega pistla í Morgunblaðið. Viðfangsefnin hafa verið margbreytileg en rauði þráðurinn er hugmyndafræði sem byggir á frelsi einstaklingsins, virðingu fyrir eignaréttinum og þeirri staðföstu trú að ríkisvaldið sé verkfæri borgaranna til að sinna sameiginlegum málum, en ekki valdataeki fárra án kostnað einstaklinganna.

Árið 2012 kom út bókin *Manifesto hægri manns* – safn greina og pistla sem ég hafði skrifað í Morgunblaðið, Þjóðmál og vefritið T24.is, sem ég hélt úti í nokkur ár. Frá þeim tíma hafa nokkur hundruð greina bæst í sarpinn.

Ritlingur þessi inniheldur greinar sem ég skrifaði um Sjálfstæðisflokkinn á árinum 2014 til 2017, annars vegar í Morgunblaðið og hins vegar í Þjóðmál. Greinarnar eru í tímaröð, þær elstu fyrst.

Efnisyfirlit

Þegar stjórn mála hætta að snúast um hugsjónir	3
„... að nenna að leggja á sig hugsun og vinnu“	5
Við getum notað vegvísi frá Eykon	9
Reykjavíkuvandi Sjálfstæðisflokksins	12
Orðfæri og lokuð eyru	20
Forðast ungt fólk Sjálfstæðisflokkinn?	23
Dagskrárvald á landsfundi	26
Fundir sem skipta máli og þeir sem engu skipta	29
Með góðan málstað en tapa umræðunni	32
Ábyrgð stjórnarþingmanna	36
Fjöldmörg verkefni eru enn óleyst	39
Má stjórnarþingmaður hafna skattahækkunum?	42
Hingað og ekki lengra	45
„Við höfum ákveðið að sameina kraftana“	48
Að afla hugsjónum fylgis og brautargengis	51

Pegar stjórnmála hættu að snúast um hugsjónir

Ef kjósendur standa í þeirri trú að valið sem þeir eiga í kjörklefanum sé lítið annað en val á milli mismunandi teknókrata, sem sumir eru huggulegri og skemmtilegri en aðrir, sjá þeir litinn tilgang í að taka þátt í kosningunum. „Það er sami rassinn undir þeim öllum,“ er dómur sem er felldur yfir íslenskum stjórnmálaflokkum og frambjóðendum. „Sami grautur í mismunandi skálum.“

Kjósendur verða að hafa áhuga á kosningunum, eiga skýra valkosti og síðast en ekki síst verða þeir að vera sannfærðir um gildi kosninganna – að þær hafi einhverja raunverulega merkingu eða þýðingu fyrir þeirra hag.

Stjórnmálamenn, fjölmiðlungar og fræðimenn hafa keppt við að lýsa áhyggjum sínum yfir dræmri kosningabátttöku í sveitarstjórnarkosningunum í lok maí. Þriðju kosningarnar í röð fækkaði þeim hlutfallslega sem neyttu kosningaréttarins. Aldrei hafa færri tekið þátt í sveitarstjórnarkosningum eða aðeins rétt liðlega 66%. Sá tími virðist liðinn að yfir átta af hverjum tíu leggi leið sína á kjörstað.

Forðast hugsjónir

Sitt sýnist hverjum um ástæður þess að þátttaka í kosningum hefur minnkað stöðugt á undanförunum árum. Fáir beina hins vegar athyglinni að þeirri staðreynd að skipulega hefur verið grafið undan trúverðugleika stjórnmálanna – jafnt af stjórnmálamönnunum sjálfum sem og fjölmiðlum. Enn færri velta fyrir sér afleiðingum þess að hægt og bitandi hafa hugsjónir verið gerðar hornreka – hugmyndabaráttu hefur orðið fórnarlamb teknókrata og samræðustjórnmála. Skilin milli stjórnmálaflokka eru að þurrkast út en innihaldslaust hjal og skemmtilegheit hafa tekið við.

Stjórnmál eru þannig hægt og bitandi hætt að snúast um pólitískar hugsjónir. Frambjóðendur forðast hugsjónir en bjóða þess í stað upp á „praktískar lausnir“, skemmtilegheit og samtal. Átök hugmynda eru af hinu vonða. Huggulegar samræður kjörinna fulltrúa hafa tekið við.

Á sama tíma og teknókratar hafa náð yfirhöndinni hefur pólitískur rétttrúnaður grafið um sig ekki síst meðal fjölmiðlunga og álitsgjafa. Þannig eru þeir sem standa gegn aðild að Evrópusambandinu sagðir þröngsýnir og jafnvel öfgafullir einangrunarsinnar. Aðildarsinnar eru

sagðir alþjóðlegir Evrópusinnar, víðsýnir og opnir fyrir straumum og stefnum. Stjórnámálamaður sem berst fyrir því að lækka opinberar álögur er krafinn svara við því hvernig hann ætli að fjármagna lægri skatta, hvar eigi að skera niður. Keppinautur sem boðar aukin útgjöld ríkis eða sveitarfélaga getur áhyggjulaus boðið kjósendum gull og græna skóga því fjölmiðlar hafa litlar áhyggjur af því hvernig fjármagna eigi slík loforð.

Hætta að nýta kosningaréttinn

Við fyrstu sýn virðist sem það sé þversögn að halda því fram að verið sé að má út skilin milli stjórnámálaflokka með því að gera hugsjónir að hornkerlingum og að pólitísk rétt hugsun hafi náð að festa rætur. Ég fæ þó ekki séð annað en þetta séu greinar af sama meiði. Pólitísk rétt hugsun miðar að því að koma í veg fyrir samkeppni hugmynda. Hugmynda-barátta og rétt hugsun eiga aldrei samleið, en teknókratenum líður vel og blómstrar í umhverfi þar sem samkeppni hugmynda er takmörkuð.

Teknókratinn nálgast samfélagið eins og hvert annað verkfræðilegt verkefni. Vandamálin og verkefnin eru skilgreind og lausna leitað. Allt er skilgreint sem úrlausnarverkefni og nefndir og ráð taka við. Afleiðingin er sú að kjósendur hætta að skynja að nokkur munur sé á stjórnámálaflokkum eða einstökum frambjóðendum. Fyrir marga er það rökrétt niðurstaða að úrslit kosninga skipti litlu, þeir verða áhugalausir um stjórnámál og hætta að hafa fyrir því að nýta kosningaréttinn.

Ég hef haldið því fram að eitt stærsta verkefni Sjálfstæðisflokksins á komandi árum sé að segja teknókratismanum stríð á hendur. Setja baráttu hugmynda aftur í forgang, þar sem grunnurinn er sjálfstæði landsins, frjáls utanríkisviðskipti og frelsi einstaklinganna. Sjálfstæðismenn eiga að berjast fyrir opnu samfélagi og gegnsæi í allri opinberri stjórnsýslu. En fyrst og síðast verða þeir að líta á varðstöðu um réttindi einstaklinga sem dyggð sem sé til marks um skynsemi og sanngirni. Sú varðstaða verður ekki staðin með því að setja hugsjónir út í horn og eiga huggulegar samræður um tæknilegar útfærslur.

Með öðrum orðum: Sjálfstæðisflokkurinn á að gefa kjósendum skýran valkost þegar þeir ganga að kjörborði hvort heldur er í alþingis-kosningum eða í kosningum til sveitarstjórna.

Jarðvegur fyrir hugmyndir

Á ráðstefnu Sambands ungra sjálfstæðismanna 2012 fullyrti ég að jarðvegur fyrir hugmyndir hægri manna sé frjór og að við getum óhræddir gefið loforð, sem byggð eru á grunnstefum sjálfstæðisstefnunnar:

„Við ætlum okkur að koma í veg fyrir að fáeinir útvaldir stundi viðskipti á kostnað samborgaranna. Við ætlum að koma í veg fyrir að sparifé almennings sé notað til að fjárfesta í stórfyrirtækjum sem stunda óeðlilega samkeppni við litla atvinnurekendann sem hefur lagt allt sitt undir í rekstrinum. Við ætlum að tryggja að félagar í lífeyrissjóðum ráði yfir sínum fjármunum sjálfir en ekki fáeinir útvaldir. Við ætlum að standa í vegi fyrir því að stjórnámálemenn reisi minnisvarða á kostnað skattgreiðenda, hvort heldur er á hafnarbakkanum í Reykjavík eða annars staðar. Við hægri menn ætlum að berjast fyrir því að snjallir og útsjónarsamir viðskiptamenn fái að njóta ávaxtanna og við ætlum að draga krumlur ríkisins upp úr vösum launamanna, og tryggja hófsemd í opinberum álögum.

Við eigum að blása ungu fólki bjartsýni brjóst í stað þess að fylla það bolmóði og við eigum sameiginlega að vera stolt af því að vera Íslendingar. Með því að vera trúir grunnstefnum frelsis munum við aftur öðlast fyrri styrk og stuðla að því að hér byggist upp öflugt og þróttmikið atvinnulíf, fjölbreytt mannlíf, öflugt menntakerfi og velferðarkerfi sem verður talið til fyrirmyndar í öðrum löndum.“

Með því að tala skorinort og setja stefnumálin fram með afdráttarlausum hætti geta sjálfstæðismenn breytt íslenskum stjórnámálum. Pólitískir andstæðingar neyðast til andsvara. Teknókratar víkja fyrir samkeppni hugmynda. Og kjósendur sjá aftur tilgang í því að leggja leið sína á kjörstað.

11. júní 2014

„... að nenna að leggja á sig hugsun og vinnu“

Í ræðu sem Bjarni Benediktsson hélt á landsfundi Sjálfstæðisflokksins á Þingvöllum 18. júní 1943 benti hann á að engan skyldi undra að erlendar þjóðir hafi yfirleitt látið sig sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar litlu skipta. Þekking þeirra á málefnum Íslands sé eðlilega lítil og áhuginn enn minni:

„Þeim, sem lítið þekkingu til lands eða þjóðar, hlýtur að sýnast það

ganga kraftaverki næst, ef svo lítilli þjóð sem Íslendingum tækist að halda uppi sjálfstæðu ríki í jafnerfiðu landi sem Íslandi. Menn eru tregir að trúá kraftaverkum nú á dögum og hafa því löngum látið sér fátt um finnast tilraunir okkar til að öðlast fullt frelsi.“

Þótt Bjarni Benediktsson, sem síðar varð forsætisráðherra, væri fullur bjartsýni á framtíð fámennrar þjóðar, skal dregið í efa að hann hafi látið sig dreyma um þann gríðarlega árangur sem náðst hefur.

Fáum hefur tekist betur til

Þrátt fyrir ýmis áföll – síldarrest, óðaverðbólgu, atvinnuleysi og hrun fjármálakerfisins – hefur okkur Íslendingum vegnað vel frá því að lýðveldið var stofnað 17. júní 1944. Fáar þjóðir hafa notið meiri velgengni eða bætt lífskjör meira en Íslendingar á síðustu 70 árum.

Við reukum öflugt heilbrigðiskerfi - sjúkrahús, heilsugæslu og hjúkrunarheimili um allt land. Við höfum lagt vegi, byggt brýr og borað jarðgöng. Við reukum grunnskóla í öllum sveitarfélögum, fjölmarga framhaldsskóla og fjölbreytta háskóla.

Við höfum komið upp viðamiklu velferðarkerfi. Sterkt lífeyriskerfi er öfundarefni annarra þjóða. Húsakostur er óvíða betri.

Okkur hefur tekist það sem fáum þjóðum hefur tekist: Gert sjávarútveg að arðbærri atvinnugrein.

Við höfum nýtt vatnsorkuna til rafmagnsframleiðslu, byggt undir fjölbreyttara atvinnulíf og tryggt ódýrara rafmagn en í flestum nágranna—löndum. Við höfum hagnýtt heita vatnið og flytjum tækniþekkingu okkar til annarra landa.

Við höfum í flestu nýtt auðlindir okkar af meiri skynsemi en flestar aðrar þjóðir. Hreint vatn er ein helsta auðlind okkar Íslendinga, þótt við leiðum yfirleitt aldrei hugann að því en göngum að því sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut. Þær þjóðir sem hafa aðgang að nægu hreinu vatni geta staðið öðrum þjóðum framár á komandi áratugum.

Við eigum listamenn sem hafa vakið heimsathygli; tónlistarmenn, rithöfundar, myndlistarmenn, leikarar og kvikmyndagerðarmenn. Íslenskir íþróttamenn hafa náð ótrúlegum árangri.

Fjölmörg verkefni þarf að leysa

Allt þetta hefur okkur tekist og meira til, þrátt fyrir að hafa verið mislagðar hendur í mörgu. En við eigum mörg verk að vinna á komandi árum:

Við þurfum að ná tökum á skuldum ríkisins, skera upp ríkisreksturinn

og koma aga á fjármál sveitarfélaga og ríkisins.

Við komumst ekki hjá því að stokka upp skattkerfið, draga úr jaðarsköttum og lækka beinar álögur á launafólk. Með samkeppnishæfu skattumhverfi er hægt að flytja verslunina aftur til landsins og skapa frjóan jarðveg fyrir allt atvinnulífið.

Við verðum að innleiða samkeppni á öllum sviðum til að tryggja hagkvæma nýtingu fjármagns og vinnuafis, góða þjónustu og hagstætt verð.

Við þurfum að tryggja jafnræði milli atvinnugreina. Það er rangt að láta eina atvinnugrein greiða auðlindagjald en undanskilja aðrar

sem nýta náttúruauðlindir. Það getur ekki gengið til lengdar að sumir starfi í vernduðu umhverfi, njóti skjóls hins opinbera í formi tolla og innflutningshafta á meðan fyrirtæki sem eru í harðri samkeppni [oft ríkisstyrktri] á alþjóðlegum mörkuðum, eru skattlögð sérstaklega umfram samkeppnisaðila í öðrum löndum.

Við þurfum að losa landbúnaðinn úr viðjum ofstýringar og afskipta og nýta þau ótrúlegu tækifæri sem eru til lands og sjávar þannig að Ísland verði fyrirmynd í matvælaframleiðslu.

Við verðum að endurnýja utanríkisstefnuna, byggja á grunni vestrænnar samvinnu og opnu hagkerfi. Þannig er efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði best tryggt.

Við eigum að gera það aftur eftirsóknarvert að stofna og eiga fyrirtæki – setja sjálfstæða atvinnurekandann aftur á sinn stall. Þannig á að



hætta að refsa framtaksmönnum fyrir að ná árangri í rekstri.

Við eigum að opna alla stjórnsýslu hins opinbera þannig að almenn-
ingur geti fylgst með gerðum og ákvörðunum stjórnámálanna og
embættismanna.

Við þurfum að skera upp dómskerfið, koma á fót millidómstigi og
nýjum hæstarétti.

Við skulum ráðast í umfangsmikla fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu –
fjárfestingu sem er ekki aðeins ein sú arðbærasta sem við eigum kost
á, heldur mun hún auka lífsgæði allra landsmanna ef rétt er að verki
staðið.

Við verðum að huga að grunnþáttum menntunar. Það er eitt að setja
sér háleit markmið um að eiga háskóla sem er í hópi þeirra bestu heiminum
og annað að byggja upp grunnstoðir menntakerfisins – grunnskólann
sem er undirstaða alls í menntamálum þjóðarinnar.

Við getum leiðrétt eitt mesta óréttlætið sem hefur fengið að grafa
um sig. Þjóðinni hefur verið skiptist í tvo hópa. Annar hópurinn nýtur
ríkisábyrgðar á lífeyrisréttindum. Hinn hópurinn þarf að sætta sig við
skert lífeyrisréttindi ef illa gengur. Til að auka enn á óréttlætið þarf
síðari hópurinn að axla þyngri byrðar til að tryggja lífeyrisréttindi þeirra
sem tilheyra fyrri hópnum.

Við skulum leggja grunn að því að ungt fólk eigi a.m.k. ekki síðri
tækifæri til að eignast eigið húsnæði en foreldrar þeirra, afar og ömmur.
Ef reisa á skjaldborg á hún að vera um séreignastefnuna þannig að fólk
eigi raunverulegt val um hvort það vill eiga eða leigja þak yfir höfuðið.

Við getum sameinast um að fjölga tækifærunum – valkostum okkar
á öllum sviðum, allt frá samgöngum til skóla, frá lækniþjónustu til bú-
setu, frá listum til fjölmiðlunar o.s.frv.

Þori að hugsa sjálfstætt

Þetta eru aðeins nokkur af þeim sameiginlegum verkefnum sem
við Íslendingar ættum og þurfum að sinna á komandi misserum og
árum. Stjórnámálameð geta undirbúið jarðvegin með skynsamlegum
ákvörðunum en þeir leysa ekki verkefnið fyrir okkur. Við verðum hvert
og eitt en einnig sameiginlega að taka til hendinni – vera virkir borgarar líkt
og Bjarni Benediktsson brýndi fyrir landsmönnum þegar 25 ára afmæli
lýðveldisins var fagnað:

„Menn koma engu góðu til vegar, nema þeir séu sjálfir virkir
þjóðarfélagsgættar, geri upp eigin hug, þori að hugsa sjálfstætt, fyl-
gja hugsun sinni eftir og átti sig á því, að fátt næst fyrirhafnarlaust.

Menn verða í senn að nenna að leggja á sig hugsun og vinnu, ef þeir í raun og veru vilja knýja fram þær umbætur, er löngun þeirra stendur til.“

18. júní 2014

Við getum notað vegvísi frá Eykon (Eyjólf Konráð Jónssyni)

Ég hafði ekki mikinn áhuga á því að ganga til liðs við Sjálfstæðisflokkinn þegar ég hafði aldur til. Flokkurinn höfðaði ekki til ungs manns sem hafði heillast af hugmyndum Friedrich A. Hayeks og annarra hagfræðinga og heimspekinga sem stóðu varðstöðu um frelsi einstaklingsins. Þjóðfélög Vesturlanda voru enn sýkt af hugmyndafræði sameignarsinna, sósíalista og ríkissinna. Hayek og aðrir frjálshyggjumenn gáfu hins vegar ungu fólki um allan heim nauðsynleg vopn í frelssíbaráttunni.



Efasemdir mínar um Sjálfstæðisflokkinn voru efnislegar.

Samsteypustjórn með Framsóknarflokknum [1974-1978] átti lítið skylt við þá hugmyndafræði sem viðreisnarstjórnin hafði innleitt og lagt grunn að mesta framfaraskeiði landsins. Innanmeið í Sjálfstæðisflokknum voru heldur ekki til þess að gera hann aðlaðandi fyrir ungt fólk, sem vildi berjast fyrir opnu og frjálsum þjóðfélagi.

Í Skagafirði - minni heimabyggð - var sótt að frjálsum bændum og sjálfstæðum atvinnurekendum. Þannig var reynt að knésetja bændur sem ráku eigið sláturhús. Þeir áttu fáa samherja en þó einn öflugri en aðra; Eykon - Eyjólf Konráð Jónsson - sem hótaði á skjóta hrút með eigin hendi ef bændurnir fengu ekki að reka sitt sláturhús. Frjálssir bændur og Eykon höfðu sigur og sláturhúsið var rekið áfram í nokkur ár. Löngu

áður hafði Verslunarfélagið komist í þrot en Sauðárkróksbakarí stóð af sér allar tilraunir til að koma því á kné. En einkaframtalið - sjálfstæði atvinnurekandinn - átti undir högg að sækja í Skagafirði líkt og víða annars staðar.

Enn í dag er sótt að litlum sjálfstæðum fyrirtækjum þó með öðrum hætti sé.

Endurtekin saga?

Í nokkru er Sjálfstæðisflokkurinn í svipaðri stöðu og fyrir fjórum áratugum. Flokkurinn er í ríkisstjórn með Framsóknarflokknum og virðist líkt og þá eiga erfitt með að ná til yngri kjósenda. Stjórnarsamstarfið 1974-78 reyndist sjálfstæðismönnum dýrkeypt en flokkurinn tapaði 10%-stigum í kosningum og fimm þingmönnum. Sama ár - 1978 - missti Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta í borgarstjórn í fyrsta skipti - refsing Reykvíkinga fyrir það sem miður fór í landsmálum.

En á þessum árum var þrátt fyrir allt gróska í hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins. Ungir menn með róttækar hugmyndir höfðu komið fram á völlinn og meðal þeirra eldri voru öflugri talsmenn frelsis. Þar var Eykon fremstur meðal jafningja. Í ræðu á Varðarfundi árið 1977 voru skilaboð hans skýr. Hlutverk Sjálfstæðisflokksins í atvinnumálum væri að „innleiða meira frjálsræði, minni ríkisafskipti, öflugra einkaframtak, minni ríkisumsvif“:

„En þótt það sé rétt, að orð séu til alls fyrst, þá er hitt líka rétt, að þau hafa litla þýðingu, ef á framkvæmdunum stendur. Það hlýtur þess vegna að vera hlutverk okkar, sem til trúnaðarstarfa höfum valist fyrir Sjálfstæðisflokkinn og það fólk sem hann fyllir, að leitast við að mjaka stefnumálum áleiðis.“

Eykon hélt því fram að hægt væri að gera kjörna fulltrúa ábyrgða fyrir því að gera ekki allt sem í þeirra valdi stæði til að ná árangri í að hrinda stefnumálum í framkvæmd. Í hans huga var (og er) það hlutverk Sjálfstæðisflokksins að skapa svigrúm frjálsræðis, svigrúm fyrir athafnir og framtaksmönnum frelsi:

„Hlutverk flokka og stjórnámálanna er ekki að fyrirskipa hvað eina og skipuleggja allt. Það er hlutverk þeirra, sem beina aðild eiga að atvinnurekstri. Þeim ber að sjá um samkeppnina og arðsemina.“

Fyrir okkur sjálfstæðismenn er gott að hafa þessa 37 ára gömlu ræðu í huga nú þegar líður að því að Alþingi kemur saman að nýju í haust. Þá

mun reyna á þingmenn flokks að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að stefnumál sjálfstæðismanna nái fram að ganga.

Málamiðlun er útilokuð

Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að allt nái fram að ganga í samsteyrustjórn. Þar gildir málamiðlun í mörgu og heilindi í samstarfi en sumt verður og má aldrei gefa eftir.

Þannig geta þingmenn Sjálfstæðisflokksins aldrei gefið eftir þegar kemur að því að lækka skatta á launafólk eða skera upp skattkerfið þannig að horfið sé af braut sósíalískrar hugmyndafræði og innleiða efnahagslega hvata til framkvæmda.

Sjálfstæðisflokkurinn getur heldur ekki gert málamiðlun við að koma böndum á ríkisbáknið, sem Eykon taldi - fyrir nær 40 árum - að hefði þanist svo út að ekki væri við unað. Síðan hefur „báknið“ lítið gert annað en að þenjast út.

Að öðru óbreyttu hefur Sjálfstæðisflokkurinn þrjú ár til að vinna að framgangi hugsjóna og stefnu sem mörkuð var á landsfundi. Í ályktun fyrir síðustu kosninga lagði landsfundur áherslu á eftirfarandi verkefni:

1. Að ljúka skiptum á þrotabúum föllnu bankanna og afnema gjald-eyrishöft.
2. Að stuðla að því að Íslendingar eigi greiðan aðgang að alþjóðlegum markaði.
3. Að stuðla að efnahagslegum stöðugleika.
4. Að lækka útgjöld ríkisins, lækka skatta og endurskoða bótakerfi.
5. Að stefna að því að verðtryggð lán verði ekki almenn regla þegar kemur að húsnæðis kaupum almennings
6. Að létta greiðslubyrði og auðvelda fjölskyldum að lækka húsnæðis-skuldir með skattaafslætti vegna afborgana af lánum til eigin íbúðarkaupa.
7. Að stuðla að því að neytendur á Íslandi njóti góðs af alþjóðlegri samkeppni.
8. Að skapa skynsamlega umhverfi um rekstur fjármálastofnana.
9. Að verja eignarréttinn, grundvöll verðmætasköpunar.

Þetta eru verkefni á komandi vetri auk þess sem Sjálfstæðis-flokknum ber - í samræmi við grunnstefnu sína - að koma í veg fyrir að fáeinir útvaldir stundi viðskipti á kostnað samborgaranna. Þannig verður að koma í veg fyrir að sparifé launafólks sé notað til að fjárfesta í stórfyrirtækjum sem stunda óeðlilega samkeppni við litla

atvinnurekendann sem hefur lagt allt sitt undir í rekstrinum. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eiga að tryggja að félagar í lífeyrissjóðum ráði yfir sínum fjármunum sjálfir og þar geta þeir sótt í smiðju Péturs Blöndals.

En fyrst og síðast verðum við sjálfstæðismenn að hefja að nýju baráttu fyrir frelsi einstaklingsins á öllum sviðum. Þannig náum við að aftur eyrum ungs fólks en einnig þeirra eldri sem ekki hafa talið sig eiga lengur heima í eina stjórnmalaflokknum sem getur staðið vörð um borgaraleg gildi.

Ég fæ ekki betur séð en að við sjálfstæðismenn getum á komandi mánuðum og misserum notað 37 ára gamlan vegvísi frá Eykon.

23. júlí 2014



Reykjavíkurvandi Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík má muna fífil sinn feegurri. Varla er djúpt í árinni tekið þegar því er haldið fram að sterkt vígi sé fyrir löngu fallið. Vonir um endurreisn í sveitarstjórnarkosningunum vorið 2014 urðu að engu. Sjálfstæðisflokkinn vantaði rúmlega 12.100

atkvæði til ná meðalfylgi flokksins í borgarstjórn 1974 til 2010. Þetta jafngildir öllum atkvæðum Framsóknarflokksins og Vinstri grænna og helmingi atkvæða Pírata.

Vonbrigði sjálfstæðismanna voru mikil enda flestir sannfærðir um að sóknarfærin væru mikil eftir

fjögurra ára valdatíð Besta flokksins og Samfylkingarinnar undir stjórn Jóns Gnarr og Dags B. Eggertssonar. Fjórum árum fyrr hafði Sjálfstæðisflokkurinn fengið verstu útreið í sögu borgarstjórnar með 33,6% atkvæða. Engum kom til hugar að fylgið kæmist neðar. Sjálfstæðismenn voru fullvissir um að botninum væri náð og leiðin því aðeins upp á við. Hið gagnstæða gerðist. Flokkurinn tapaði 23 af hverjum 100 kjósendum og fékk 25,8% atkvæða.



Dráttarklár verður dragbitur

Staðan í höfuðborginni endurspeglar ekki stöðu Sjálfstæðisflokksins í flestum öðrum sveitarfélögum. Í kosningunum á síðasta ári styrkti flokkurinn stöðu sína verulega og jók fylgið í 17 sveitarfélögum:

- Í átta sveitarfélögum fékk flokkurinn yfir helming atkvæða.
- Í einu sveitarfélagi var ekki boðið fram gegn lista sjálfstæðismanna og var hann því sjálfkjörinn.
- Í fimm sveitarfélögum var Sjálfstæðisflokkurinn með 40-50% atkvæða.
- Í fimm sveitarfélögum var fylgið 35-40%.

Ólíkt því sem áður var þegar Reykjavík var líkt og dráttarklár fyrir Sjálfstæðisflokkinn um land allt er höfuðborgin orðin dragbitur. Án Reykjavíkur var fylgið í sveitarstjórnarkosningum 2014 töluvert yfir meðaltali síðustu fimm áratuga. Það er erfitt og jafnvel útilokað fyrir Sjálfstæðisflokkinn að ná aftur fyrri styrk á landsvísi án þess að styrkja stöðu sína í höfuðborginni. Flokkurinn þarf að auka fylgi sitt um a.m.k. þriðjung, að öðru óbreyttu. Í sögulegu samhengi væri slík fylgisaukning þó vart ásættanleg.

Frá 1962 hefur meðalfylgi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningum verið 46,7% og mest var fylgið árið 1999 eða 60,4%. Í kosn-



ingum 1962 til 2006 var fylgið 49,6% að meðaltali en í tvennum síðustu kosningum aðeins 29,6%. Frá 2002 hefur Sjálfstæðisflokkurinn aldrei náð yfir 45% kjósenda á sitt band og náði botninum á síðasta ári – 25,8%.

Sögulega hefur Sjálfstæðisflokkurinn alltaf notið

meira fylgis í borgarstjórnarkosningum en í alþingiskosningum. Í heild hlaut flokkurinn 25,1% atkvæða í báðum kjördæmum Reykjavíkur í kosningum til Alþingis árið 2013. Í ljósi reynslunnar gátu reykvískir sjálfstæðismenn varla reiknað með öðru en að stuðningurinn í borgarstjórnarkosningunum yrði töluvert meiri. Þegar við bætist umdeilt stjórn borgarinnar fjögur árin á undan, voru tækifærin til staðar.

Arfleifð meirihluta meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins/ Bjartrar framtíðar er ekki glæsileg. Skuldir og skuldbindingar A-hluta borgarsjóðs hækkuðu um tæp 84% að nafnvirði frá ársbyrjun 2010 til ársloka 2013 eða alls um 28 þúsund milljónir. Þetta þýðir að hver fjögurra manna fjölskylda í Reykjavík skuldaði liðlega 930 þúsund krónum meira í byrjun síðasta árs en skömmu áður en Jón Gnarr og Dagur B. Eggertsson tóku við lykklunum að Ráðhúsi borgarinnar. Á sama tíma jukust tekjur borgarsjóðs um þriðjung eða liðlega 20 þúsund milljónir. Þetta jafngildir tæpum 660 þúsund krónum á hverja fjölskyldu.

Þrátt fyrir skuldasöfnun og hærri tekjur fengu borgarþáttar ekki að njóta betri þjónustu og borgin virtist drabbast niður – varð skítugri.

Í könnun Capacent Gallup á viðhorfi íbúa sextán sveitarfélaga kom í ljós að Reykvíkingar voru almennt óánægðir með þjónustu borgarinnar. Höfuðborgin var í þriðja neðsta sæti þegar spurt er um þjónustuna í heild.

Aðeins helmingur borgarþáttar var ánægður með þjónustu grunnskóla. Reykjavík var á botninum við mat á þjónustu leikskóla. Reykjavíkurborg fékk „falleinkunn“ í þjónustu við eldri borgara og fatlaða - í langneðsta sæti.

Staðan í höfuðborginni fyrir kosningar var í fáum orðum þessi:

Skuldasöfnun, óánægja með þjónustu, hækkandi álögur og undarleg gæluverkefni.

Í aðdraganda kosninga fær minnihluti vart betri sóknarfæri en vorið 2014.

Úr sjö í fjóra

Pótt meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins (með Bjarta framtíð sem arftaka síðarnefnda flokksins) hafi ekki haldið velli í kosningunum, var

niðurstaðan í heild viðunandi og raunar gleðileg fyrir Samfylkinguna. Í heild minnkaði fylgi meirihlutans um 6,3%-stig en Samfylkingin jók fylgi sitt um 67% og bætti við sig tveimur borgarfulltrúum.

Afhroð Sjálfstæðisflokksins gerði sigur Samfylkingarinnar örugglega enn sætari en ella.


Árangur Samfylkingarinnar í Reykjavík er einnig merkilegur í ljósi þess hve flokkurinn átti víða erfitt uppdráttar í sveitarstjórnarkosningunum. Í Hafnarfirði – gömlu höfuðvígi krata – hrundi flokkurinn. Fylgið minnkaði um liðlega helming, fór úr 40,9% árið 2010 í 20,2%. Árið 2006 fékk Samfylkingin hreinan meirihluta í Hafnarfirði eða liðlega 56% atkvæða. Fylgishrun Samfylkingarinnar í Hafnarfirði á sér fáar hliðstæður í íslenski stjórn málasögu – það er helst fall Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Í Kópavogi var ósigur Samfylkingarinnar litlu minni en í Hafnarfirði, þó hann hafi líklega ekki verið eins pólitískt sár. Flokkurinn missti 12%-stig eða nær 43% fylgi á milli kosninga.

Í Garðabæ og á Akranesi minnkaði fylgið einnig og jafnvel í Reykjanesbæ tókst samfylkingum ekki að nýta sér alvarlega fjárhagsstöðu sveitarfélagsins undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. Þvert á móti. Samfylkingin missti nær nær fjórðung af fylgi sínu.

Fyrir hvað er staðið?

Margt bendir til þess að íbúasamsetning höfuðborgarinnar hafi þróast með þeim hætti á undanförunum árum að ólíklegt er að Sjálfstæðisflokkurinn nái aftur hreinum meirihluta í borgarstjórn á næstu árum. Leiða má líkur að því að borgarasinnað fólk hafi á undanförunum árum fremur valið sér heimili í nágrennsveitarfélögum en í Reykjavík, af ástæðum sem eru augljósar. En óhagstæðari samsetning íbúanna skýrir ekki nema að litlum hluta slaka stöðu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og



með engum hætti það afhróð sem flokkurinn beið í kosningum á liðnu ári. Þar vega aðrir þættir miklu þyngra.

Slagorð Sjálfstæðisflokksins í kosningabaráttunni gaf ekki til kynna að þar færi flokkur í stjórnarandstöðu – flokkur sem ætlaði að breyta um stefnu í málefnum borgarinnar; taka til í fjármálum, lækka álögur, byggja upp og tryggja greiðar samgöngur innan borgarinnar, marka skýra stefnu í skipulagsmálum og efla þjónustu við borgarbúa. *Dásamlega Reykjavík* gaf þvert á móti til kynna að í flestu væri allt í góðu lagi í borginni og að sjálfstæðismenn vilji halda áfram á sömu braut.

Slagorð af þessu tagi hentar meirihluta vel í kosningabaráttu.

Misheppnað slagorð skýrir auðvitað ekki niðurstöðu kosninganna en í því endurspeglast þau misvísandi skilaboð sem borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og frambjóðendur hafa gefið kjósendum á undanförunum árum. Þeim hefur ekki tekist að koma fram sem ein heild og samhentur hópur með skýra og sameiginlega sýn á framtíðina. Þvert á móti hafa sjálfstæðismenn gengið fram sem sundraður hópur sem er sjálfum sér sundurþykkur.

Í aðdraganda kosninganna 2014 áttu borgarbúar erfitt með að átta sig á fyrir hvað Sjálfstæðisflokkurinn stæði. Flugvöllurinn er eitt dæmi, samgöngur annað, skipulagsmál þriðja og skólamál fjórða. Borgarbúar áttu jafnvel erfitt með að skilja stefnu flokksins í fjármálum borgarsjóðs; eru sjálfstæðismenn að boða óbreyttar (jafnvel hærrí) álögur á íbúa og hámarksútsvar?

Með einhverjum ótrúlegum hætti hefur tekist að afmá mörkin milli Sjálfstæðisflokksins og vinstri flokkanna í höfuðborginni – skil sem kjósendur þekktu áður vel.

Kjörorðið *Dásamlega Reykjavík*, undirstrikaði að ástæðulítið væri fyrir borgarbúa að skipta um meirihluta.

Reykjavík - forsenda uppbyggingar

Þótt kastljósinu sé hér fyrst og fremst beint að stöðu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er rétt að styrkur flokksins í öðrum kjördæmum hefur verið í sögulegu lágmarki allt frá hrúni viðskiptabankanna. En staðan virðist jafnt hlutfallslega og sögulega vera verri í höfuðborginni en í öðrum sveitarfélögum og kjördæmum. Auk þess vegur Reykjavík þungt á landsvísu enda búa þar liðlega 37% landsmanna. Það er því illmögulegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að endurheimta pólitískan styrk sinn, með 35-40% fylgi á landvísu, án þess að ná góðri fótfestu að nýju í höfuðborginni.

Endurreisn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hvílir fyrst og síðast á kjörnum fulltrúum flokksins, jafnt í borgarstjórn og á Alþingi. Almennir flokksmenn verða að leggja hönd á plóg, en dugnaður þeirra og atorku-semi verður til lítils, ef borgarstjórnarfulltrúar og þingmenn, sinna ekki sínum verkefnum af festu; tala skýrt fyrir hugsjónum og eru samstíga í baráttunni.

Allir sem vilja sjá gera sér grein fyrir því að reykvískir sjálfstæðismenn þurfa að endurskoða hvernig þeir standa að verki. Hér verður engin töfralausn boðuð. En það krefst ekki mikillar innsýnar í starf sjálfstæðismanna í Reykjavík til að komast að því að innra starfið – í hverfafélögum og fulltrúaráði – er ekki sambærilegt við það sem var á árum áður. Innri togstreita og valdabarátta hefur ekki aðeins smitað starfið heldur dregið þróttinn úr því.

Augljóst er að allir þessir aðilar þurfa að endurskoða hvernig staðið er að verki. Trúnaðarmenn flokksins verða að leita nýrra leiða í innra starfi og tryggja aðkomu almennra flokksmanna og áhrif þeirra. Þingmenn þurfa að leggja aukna rækt við borgarbúa og borgarfulltrúar verða að stíga í takt hver við annan um leið og þeir berjast fyrir hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar – stunda pólitík og veita aðhald með harðri en mál-efnalegri stjórnarandstöðu við meirihluta vinstri-manna í borgarstjórn. Á því liðlega einu ári sem liðið er frá borgarstjórnarkosningum, hefur lítil farið fyrir stjórnarandstöðu flokksins a.m.k. opinberlega, þar hafa fulltrúar Framsóknarflokksins tekið forystuna.

Hrun meðal unga fólksins

Fylgi Sjálfstæðisflokksins meðal yngri kjósenda hefur hrunið. Í Reykjavík segjast aðeins 13,1% kjósenda á aldrinum 18 til 24 ára styðja flokkinn og aðeins 6,3% í vesturhluta borgarinnar (póstnúmer 101-108). Staðan Sjálfstæðisflokksins er svipuð meðal þeirra sem eru á aldrinum 25-34 ára og litlu betri hjá kjósendum 35-44 ára eða 17,7%.

Veik staða Sjálfstæðisflokksins meðal yngri kjósenda er alvarleg ekki síst þegar haft er í huga að um 52% kjósenda í Reykjavík eru yngri en 45 ára. Dræm kosningaþátttaka yngri kjósenda vegur lítilliga upp lítið fylgi en breytir í engu þeirri tölfræðilegu staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki gert sér vonir um að verða a.m.k. stærsti flokkurinn í höfuðborginni nema að ná verulegum árangri meðal yngri kjósenda.

Með öðrum orðum:

Stærsta verkefni Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík (og raunar á landinu öllu) er að ná eyrum ungra kjósenda og stuðningi þeirra í kosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn á einnig í kvennavandræðum, þótt hlutfallslega hafi dregið úr muninum á milli karla og kvenna. Ástæðan er að fylgi meðal karla hefur minnkað mun meira en meðal kvenna eða rúmlega helmingast frá árinu 2007. Samkvæmt Gallup var þriggja mánaða (maí til júlí 2015) meðalfylgi flokksins meðal reykvískra kvenna aðeins 18,5%. Árið 2007 (júlí-september) studdu liðlega 36% kvenna Sjálfstæðisflokkinn.

Með hliðsjón af þessum köldu tölulegum staðreyndum verður vart komist að annarri niðurstöðu en að sjálfstæðismenn í höfuðborginni, verði að vinna skipulega að því að tryggja ungu fólki framgang í flokksstarfinu og tefla því fram í kosningum, jafnt til Alþingis og til borgarstjórnar. Hið sama á við um konur.

Breytingar á framboðslistum duga skammt ef orðfærið breytist ekki, áherslurnar verða þær sömu, vinnubrögðin og skipulagið svipuð og á undanförunum árum. Karl, kona, ungur, gamall verður síðan aukaatriði þegar kjósendur skynja sannfæringarkraft frambjóðanda sem byggir á grunnhugsjón sjálfstæðisstefnunnar.

Píratar taka við keflinu af Sjálfstæðisflokknum

Sögulega hefur Sjálfstæðisflokkurinn staðið sterkt að vígi meðal yngri kjósenda og var eini flokkurinn sem gat gert tilkall til þess að vera kallaður fulltrúi unga fólksins. Árið 2005 sögðust yfir 44% kjósenda á aldrinum 18 til 39 ára styðja Sjálfstæðisflokksins á landinu öllu.



En nú er hún Snorrabúð stekkur. Yngri kjósendur eru hættir að fylgja Sjálfstæðisflokknum að máli. Píratar hafa tekið við keflinu.

Samkvæmt þjóðarpólsi Gallup í júlí nutu Píratar yfir 40% stuðnings meðal allra aldurshópa 21-35 ára og yfir 50% kjósenda á aldrinum 24-26 ára eða 3,6-sinnum

fleiri en sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn.

Píratar hafa jafnt og þétt styrkt stöðu sína frá nóvember 2014. Í apríl mældist fylgi þeirra í heild rétt liðlega 30%. Í ágúst var fylgi Pírata komið í 35,9% en stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn var aðeins 21,6% og hefur ekki verið minni frá hruni viðskiptabankanna 2008.

Sé miðað við niðurstöðu kosninga 2013 hafa Píratar sjöfaldað fylgi sitt. Árangurinn liggur fyrst og síðast í góðri stöðu meðal yngri kjósenda. Fylgi Pírata er meira en Sjálfstæðisflokksins í öllum aldursflopum frá 18 til 44 ára.



Hvar eru frelsismálin?

Saga Sjálfstæðisflokksins er mörkuð baráttu fyrir auknu frelsi einstaklingsins og hófsemd í skattlagningu. Undir forystu Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar [eldri] var horfið frá haftabúskap, sem átti sér enga hliðstæðu nema í ráðstjórnarríkjum kommúnista.

Hægt og bitandi unnust frelsissigrar vegna einarðrar baráttu Sjálfstæðisflokksins – í litlum og stórum málum. Ungir sjálfstæðismenn fóru fremstir í flokki undir kjörorðinu Báknið burt. Einokun ríkisins á útvarps- og sjónvarpsrekstri var afnumin eftir áralangar tilraunir. Sala á áfengum bjór var leyfð, einkareknum háskólum komið á fót, afgreiðslutími verslana gefinn frjál, álögur á einstaklinga og fyrirtæki lækkaðar og skattkerfið einfaldað. Í hverju skrefi var reynt að bregða fæti fyrir frelsið. Í borgarstjórn töldu vinstri menn að betra væri að koma á fót sérstakri „neyðarverslun“ en leyfa fólki að kaupa í matinn þegar það hentaði því best.

Kjósendur voru með það á hreinu fyrir hvað Sjálfstæðisflokkurinn stóð; takmörkuðum ríkisafskiptum, lágum sköttum og auknu frelsi einstaklinganna. Allt samtvinnuðist þetta í áherslu flokksins á fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinganna, byggt var undir séreignastefnu og öflugt almannatryggingakerfi.

Margt bendir til þess að hugmyndir kjósenda um Sjálfstæðisflokkinn séu ekki eins skýrar og áður. Og ekki hjálpar það þeim þegar þingflokkur sjálfstæðismanna ber ekki gæfu til þess að vera samstíga í litlu frelsismáli; afnámi einokunar ríkisins á smásölu áfengis.

Hér er því haldið fram að þetta sé ein helsta skýringin á því að ungt fólk er orðið afhuga Sjálfstæðisflokknum.



Orðfæri og lokuð eyru

Þjóðarframleiðsla, afnám gjaldeyrishafta, kaupmáttur launa, þjóðartekjur á mann, greiðslujöfnuður, framlegð, auðlegðarskattur, auðlindaskattur, ríkisreikningur, frumjöfnuður, greiðsluafkoma ríkissjóðs, vaxtamunur, skuldahlutfall, þorskígildistuðlar, rammaáætlun, nýtingaráætlun, biðflokkur, náttúrupassi, vöruskiptajöfnuður, greiðslujöfnuður, framleiðni, kerfisáhætta, A-hluti, B-hluti, C-hluti, samgönguáætlun, heilbrigðisáætlun, bótaréttur, greiðslumark og greiðsluþáttökukerfi .

Allt eru þetta dæmi um orð sem kjörum fulltrúum sjálfstæðismanna eru töm í munn og auðvitað er mikilvægt að þeir skilji hugtökin, kunni að meta mikilvægi þeirra og geti þar með tekið mikilvægar ákvarðanir. En um leið eru orðin lýsandi dæmi um orðfæri sem nær aldrei að fagna athygli kjósenda og ber fremur með sér teknókratíska hugsun, en leiftrandi hugsjónir um frelsi einstaklingsins, þar sem valfrelsi er grunnstefið.

Nokkrar tillögur

Fyrir á þessu ári átti ég þess kost að hitta forystufólk Sjálfstæðisflokksins í nokkrum sveitarfélögum. Í samtölum mínum við öfluga samherja reyndi ég að draga upp raunsanna mynd af stöðu flokksins í einstökum kjördæmum og á landinu í heild. En um leið setti ég fram lista yfir þau mál sem Sjálfstæðisflokkurinn á að setja á oddinn á komandi misserum og árum. Í raun eru þetta einfaldar tillögur um hvernig við sjálfstæðismenn eigum að nálgast kjósendur, jafnt ungt fólk og þá sem eldri eru:

- Við þurfum að leggja grunn að því að ungt fólk eigi a.m.k. ekki síðri tækifæri til að eignast eigið húsnæði en foreldrar þeirra, afar og

- ömmur. Við eigum að reisa raunverulega skjaldborg um séreignastefnuna þannig að fólk eigi raunverulegt val um hvort það vill eiga eða leigja þak yfir höfuðið.
- Við verðum að skera upp lánakerfi námsmanna og tryggja að námslán verði ungu fólki ekki fjötur um fót að námi loknu og komi í veg fyrir að það eigi möguleika á að eignast eigið húsnæði og öðlast fjárhagslegt sjálfstæði.
 - Við eigum að gera það aftur eftirsóknarvert að stofna og eiga fyrirtæki – setja sjálfstæða atvinnurekandann aftur á sinn stall. Þannig á að hætta að refsa framtaksmönnum fyrir að ná árangri í rekstri, einfalda regluverk og standa að nýju vörð um samkeppni.
 - Við verðum að opna alla stjórnýslu hins opinbera þannig að almenníngur geti fylgst með gerðum og ákvörðunum stjórnmalamanna og embættismanna.
 - Við eigum að opna allt bókhald ríkisins, ríkisfyrirtækja- og stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Kjörorðið á að vera: Allt upp á borðum!
 - Við eigum að innleiða og standa vörð um netfrelsi og upplýsingafrelsi borgaranna.
 - Við skulum leiða umfangsmikla fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu – fjárfestingu sem er ekki aðeins ein sú arðbærasta sem þjóðinni býðst, heldur mun hún auka lífsgæði allra landsmanna ef rétt er að verki staðið. Við eigum að gera skýr skil á milli þess hver greiðir (ríkið) og hver veitir þjónustuna (ríki, einstaklingar, félagasamtök).
 - Við verðum að huga að grunnþáttum menntunar – innleiða samkeppni og auka þar með valmöguleikana ungs fólks í menntun. (Við eigum ekki að ræða um framhaldsskólann á þeim nótum að gefið sé í skyn að ungt fólk á Íslandi sé dugminna en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum).
 - Við verðum að gera iðn- og tækninám að raunhæfu vali.
 - Við eigum að leiðrétta eitt mesta óréttlætið sem hefur fengið að grafa um sig á Íslandi. Þjóðinni hefur verið skiptist í tvo hópa. Annar hópurinn nýtur ríkisábyrgðar á lífeyrisréttindum. Hinn hópurinn þarf að sætta sig við skert lífeyrisréttindi ef illa gengur.
 - Við þurfum að tryggja að launafólk hafi valfrelsi um lífeyrissjóði og tryggja rétt þeirra til að hafa áhrif á stjórnir sjóðanna.
 - Við eigum að skera upp almannatryggingakerfið og innleiða nýja hugsun við að aðstoða þá sem þurfa á því að halda og tryggja þeim mannsæmandi lífskjör.

- Við verðum að gefa fólki á eftirlaunum valfrelsi til að afla sér atvinnutekna.
- Við eigum að veita fötluðum raunverulegt valfrelsi í þjónustu.
- Við þurfum að losa landbúnaðinn úr viðjum ofstýringar og afskipta og nýta þau ótrúlegu tækifæri sem eru til lands og sjávar þannig að Ísland verði fyrirmynd í matvælaframleiðslu.
- Við eigum að leggja áherslu á hag millistéttarinnar – á hagsmuni launafólks og tryggja að fulltrúum launþegahreyfingarinnar sé teft fram á vegum flokksins á Alþingi og í sveitarstjórnunum. Við eigum að koma aftur á einu þrepi í tekjuskatti en margþrepa tekjuskattskerfi hefur komið þyngst niður á millistéttinni.
- Við þurfum að tryggja réttindi borgaranna gagnvart hinu opinbera, standa vörð um friðhelgi einkalífsins, eignaréttinn, trúfrelsið og réttinn til tjáningar og félagafrelsið.
- Við eigum að leggja áherslu á að grundvöllur jafnréttis er fjárhagslegt sjálfstæði einstaklingsins.
- Við eigum að draga fram samhengið á milli fjárhagslegs sjálfstæðis, lágra skatta og atvinnufrelsis.

Mér dettur ekki í huga að listinn hér að ofan sé tæmandi – verkefni eru fleiri og sum flóknari en ég set þau fram. En ég er sannfærður um að hann sé góð byrjun enda byggja allar hugmyndirnar á grunnstefi Sjálfstæðisflokksins allt frá 1929 um frelsi einstaklingsins.

Auðvitað dugar ekki að breyta aðeins orðræðunni. Orð og athafnir verða að fara saman. Kjósendur verða að geta gengið að því sem vísu að sjálfstæðismenn hryndi hugmyndum sínum og stefnu í framkvæmd þegar þeir fá til þess tækifæri.

Hægt og bitandi munu sjálfstæðismenn sjá árangur og ímynd flokksins – sem kerfislægur og teknókratískur hagsmunaflokkur – breytist. Í þessu felst engin stefnubreyting heldur aðeins annað orðfæri með áherslu á grunnstef sjálfstæðisstefnunnar sem hefur alla tíð átt góðan hljómgrunn meðal allra Íslendinga, ekki síst þeirra sem yngri eru.

Eitt er að minnsta vísit: Tækifærin eru til staðar og sjálfstæðismenn geta annað hvort nýtt þau eða hent þeim frá sér.



Forðast ungt fólk Sjálfstæðisflokkinn?

Fyrir áratug var pólitísk framtíð Sjálfstæðisflokksins björt. Yfir 44% kjósenda á aldrinum 18 til 39 ára studdu flokkinn á landinu öllu. Með réttu gerði Sjálfstæðisflokkurinn tilkall til þess að vera kallaður flokkur unga fólksins – stjórnámálaflokkur framtíðarinnar.

Um 1.500 helstu forystu- og trúnaðarmenn Sjálfstæðisflokksins, sem koma saman til landsfundar eftir liðlega viku þurfa að horast í augu við gjörbreytta stöðu. Ungt fólk telur sig ekki lengur eiga sameið með flokknum. Sjálfstæðisflokkurinn berst við að halda fylginu yfir 15% meðal ungs fólks. Í Reykjavík er staðan sérstaklega slæm. Þannig benda skoðanakannanir til að aðeins 6-7% kjósenda á aldrinum 18-24 ára í vesturhluta borgarinnar styðji Sjálfstæðisflokkinn. Staðan er lítillega skárri í austurhlutanum. Meðaltal skoðanakannana Gallup í maí til júlí á þessu ári benda til að í heild sé fylgi Sjálfstæðisflokksins meðal kjósenda 18-44 ára í Reykjavík á bilinu 13-17%. Staða hefur ekki batnað á síðustu mánuðum.

Að ná eyrum ungs fólks

Veik staða Sjálfstæðisflokksins meðal ungs fólk er ekki bundin við

Reykjavík. En þar er staðan, jafnt hlutfallslega og sögulega, verri en í öðrum sveitarfélögum og kjördæmum. Það er illmögulegt ef ekki útilokað fyrir Sjálfstæðisflokkinn að endurheimta fyrri pólitískan styrk án fylgis í höfuðborginni þar sem liðlega 37% landsmanna búa. Og pólitískri fötfestu verður ekki náð í Reykjavík án stuðnings ungs fólks en um 52% reykvískra kjósenda eru yngri en 45 ára.

Það er andspænis þessum veruleika sem landsfundarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins koma saman og móta stefnu flokksins og leggja línurnar sem þeir vilja að endurspeglist í málflutningi og störfum kjörinna fulltrúa jafnt á Alþingi sem sveitarstjórnnum. Ætli sjálfstæðismenn að ná eyrum og stuðningi ungs fólks verða landsfundarfulltrúar ekki aðeins að hlusta á sjónarmið þess, heldur gefa því tækifæri til að móta stefnu flokksins til framtíðar.

Það hefur aldrei reynst Sjálfstæðisflokknum illa að leiða ungt hugsjónafólk til áhrifa.

Hugsjónir sem lögðu grunninn

Á landsfundi í maí 1973 var sérstaklega rætt um dreifingu valds í þjóðfélaginu, eflingu frjálshyggju og atvinnuveganna og hlutverk Sjálfstæðisflokksins. Ungir sjálfstæðismenn fóru þar fremstir í flokki og fluttu erindi á fundinum um hugsjónir og Sjálfstæðisflokkinn. Jón Steinar Gunnlaugsson, síðar hæstaréttadómari flutti þar meðal annars erindi og lagði línurnar um opna stjórnsýslu og aðgengi að upplýsingum, löngu áður en það komst í tísku:

„Þýðingarmikið er, að almenningur í landinu eigi sem greiðastan aðgang að upplýsingum um stjórnarframkvæmdina, hver ákvörðun taki og hverra sjónarmiða sé gætt við ákvarðanatökuna. Í lýðræðislegu þjóðfélagi heyrir það skipulaginu til, að kjósendur kalli handhafa ríkisvaldsins með vissu millibili til ábyrgðar á meðferð þess, og er því nauðsynlegt, að kjósendur fái greiðar upplýsingar um starfsemi stjórnvalda og ríkisstofnana. Þess háttar upplýsingar eru auk þess til þess fallnar að veita þessum aðilum aðhald við stjórnsýsluna.“

Það voru ekki síst hugmyndir af þessu tagi – um valddreifingu, opna stjórnsýslu og upplýsingafrelsi sem lögðu grunninn að sókn Sjálfstæðisflokksins meðal ungs fólks á áttunda áratug síðustu aldar og tryggði yfirburðastöðu í upphafi nýrrar aldar. Hér skal það fullyrt að sömu hugsjónir skipta ungt fólk jafn miklu máli nú og fyrir liðlega fjórum áratugum.

Það þarf ekki að ræða lengi við þá sem yngri eru til að komast að því að húsnæðismál brenna á þeim. Ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, margt skuldum vafið vegna námslána, sér ekki að það eigi raunhæfa möguleika á að eignast eigið húsnæði – öðlast fjárhagslegt sjálfstæði í náinni framtíð. Það horfir á hvernig milljarðatugum hefur verið skóflað úr ríkissjóði á síðustu árum í formi niðurgreiðslu vaxta en sér ekki hvernig það getur nokkurn tíma notið slíkrar aðstoðar. Ill mögulegt er fyrir ungt fólk að sleppa í gegnum greiðslumat – nálarauga forræðishyggjunnar og þar með er búið að taka valfrelsið í húsnæðismálum frá þeim. Lausn stjórnmálamanna er að byggja félagslegt leiguhúsnæði.

Ungt fólk sem á sér þann draum að verða fjárhagslega sjálfstætt mun fylgjast vel með hvaða stefnu landsfundur Sjálfstæðisflokkurinn markar í húsnæðismálum. Alveg með sama hætti og margir munu gefa gaum að því hvort Sjálfstæðisflokkurinn tekur af skarið með því að hverfa frá refsistefnu í fíkniefnamálum og veita fíklum skjól innan heilbrigðiskerfisins. Og ungt fólk – sérstaklega ungir karlar – tekur eftir því ef landsfundur Sjálfstæðisflokksins mótar skýra stefnu í geðheilbrigðismálum.

Málin eru miklu fleiri. Allt frá menntamálum til atvinnamála, frá námslánnum til skatta, frá menningu til umhverfismála. Tækifæri og valfrelsi er rauði þráðurinn..

Án æsku er engin framtíð

Í nýjasta hefti Þjóðmála er fjallað sérstaklega um stöðu Sjálfstæðisflokksins og þá ekki síst meðal yngri kjósenda. Ingvar Smári Birgisson, fyrrverandi formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, bendir á hið augljósa:

„Flokkur án æsku er flokkur án framtíðar“.

Í grein sinni færir Ingvar Smári rök fyrir því að stærsti vandi Sjálfstæðisflokksins sé ímyndarvandi:

„Flokkurinn virkar stofnanalegur og gamaldags á ungt fólk. Stjórnmálamenn flokksins eru margir stirðlamalegir og gefa ungu fólki fáar ástæður til að fyllast eldmóði. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki trúverðugur. Alls staðar á Vesturlöndum eru kjósendur, þá sérstaklega ungt fólk, að hafna atvinnustjórnmálamönnum sem láta spunameistara skrifa ræðurnar og kosningaloforðin fyrir sig með það að markmiði að veiða atkvæði. Kallað er eftir stjórnmálamönnum sem standa fyrir eitthvað meira en eigin pólitíska frama.“

Líklega finnst mörgum eldri sjálfstæðismönnum gagnrýni fyrrverandi formanns Heimdallar vera óvægin og jafnvel ósanngjörn. En ætli Sjálfstæðisflokkurinn að ná fyrri stöðu meðal ungs fólks verður ekki undan því vikist að ræða ábendingar, aðfinnslur og gagnrýni. Tækifæri til þess er meðal annars á landsfundi síðar í þessum mánuði. Þar hlýtur spurningin um hvort ungt fólk forðist Sjálfstæðisflokkinn að vera áleitinn. Svárið liggur í augum uppi en fyrir marga þá sem eru eldri, kann að vera erfiðara að átta sig á hvers vegna. En þar geta ungir landsfundarfulltrúar hjálpað til ef við hin eldri erum reiðubúin til að hlusta.

14. október 2015

Dagskrárvald á landsfundi

Ég hlakka til að mæta á landsfund Sjálfstæðisflokksins sem hefst næstkomandi föstudag enda með þá von í brjósti að þar verði tekist á um einstök mál af festu, jafnvel hörku en af hreinskilni. Ekkert er leiðinlegra í starfi stjórn málaflokks en lognmolla og hugsjónaleysi. Stjórn málaflokkur sem forðast átök, umræður, fjölbreyttar skoðanir og nýjar hugmyndir, er ekki líklegur til stórræða.

Þau eru mörg málin – lítil og stór – sem fulltrúar á landsfundi þurfa að ræða og taka afstöðu til og með því varða veginn fyrir þingmenn og ráðherra flokksins fram að næstu kosningum vorið 2017. Fela þeim ákveðin verkefni til að leysa – hrinda hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar í framkvæmd. Um komandi helgi eru það því landsfundarfulltrúar – bakbein Sjálfstæðisflokksins um allt land – sem hafa dagskrárvaldið. Hvorki ráðherrar né þingmenn setja þeim fyrir eða taka „óþægileg mál“ af dagskrá eða út úr ályktunum fundarins. Aflátsbréf verða ekki gefin út en kjörnir fulltrúar á þingi og í sveitarstjórnnum fá enn eina staðfestingu á því að baklandið er traust þegar vel er unnið.

Móta og skerpa stefnuna

Fyrir landsfundinum liggja drög að ályktunum í átta málaflokkum en auk þess verður uppkast að stjórn málaályktun lagt fram til umræðu, breytinga og samþykktar. Líkt og alltaf er ýmislegt í drögunum sem sá er hér skrifar er ekki sáttur við – of skammt er gengið í sumu, í öðru of langt og svo er annað sem ekki er nefnt. Ég hygg að svipað eigi við um flesta landsfundarfulltrúa. Þeir eru komnir til fundar til að móta og skerpa stefnuna og til þess þurfa þeir að takast á með gagnrýnum hætti

og mynda farveg fyrir samkeppni hugmynda og skoðana.

Ekki kæmi t.d. á óvart að tekist verði á um stofnun Stjórnstöðvar ferðamála sem er fagnað í drögum atvinnuveganefndar. Það er eitt-hvað sérkennilegt að landsfundur Sjálfstæðisflokksins gleðjist yfir nýrri stofnun og skiptir engu hvort hún er í samvinnu við atvinnulífið eða ekki. Með sama hætti er eitthvað öfugsnúið við að Sjálfstæðisflokkurinn beiti sér fyrir nýrri ríkisstofnun – efnahagsráði – líkt og efnahags- og viðskiptanefnd leggur til. Það væri fremur í takt við gunnstef sjálfstæðisstefnunnar að gagnrýna flókið stjórn- og eftirlitskerfi og undirstrika nauðsyn þess að stokka það allt upp, einfalda og fækka stofnunum. Með sama hætti væri ekki úr vegi að landsfundur lýsti því yfir að tilraun til að ohf-væða ríkisfyrirtæki hafi mistekist og um leið ítreka nauðsyn þess að ríkisfyrirtæki í samkeppnisrekstri verði seld.

Styttra nám og Byggðastofnun

Í ályktunardrögum umhverfis- og samgöngunefndar segir:

„Styrkja skal starf Byggðastofnunar ...“

Ekki verður því trúað að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að boða aukin ríkisumsvif með lánveitingum og áhættufjárfestingum. Jafnvel fyrir Skagfirðing er erfitt að trúa að sjálfstæðismenn telji í einlægni að það sé árangursrík að efla atvinnulífið í gegnum opinbera fjárfestinga- og lánasjóði.

„Skoða má annars konar fjármögnun samgöngumannvirkja en bein framlög af fjárlögum,“ segir einnig í drögum umhverfis- og samgöngunefndar. Undir þetta er tekið en best er að ganga hreint til verks og hvetja til þess að einkaaðilum verði gert kleift að koma að fjármögnun og uppbyggingu innviða hvort heldur er í samgöngum eða á öðrum sviðum.

Allsherjar- og menntamálanefnd tekur hraustlega til orða í sínum drögum:

„Styttingu náms fylgir mikil þjóðhagslegur ávinningur og fjölga þarf þeim sem ljúka námi á tilsettum tíma.“

Í besta falli er fullyrðing um þjóðhagslegan ávinning af styttingu náms umdeilanleg enda á eftir að koma í ljós hvort gæði menntunar haldist og hvort og þá hvernig háskólar þurfa að bregðast við. Stytting náms getur aldrei verið aðalatriðið heldur gæði þess og fjölbreytileiki sem tryggir nemendum raunverulegt val þannig að þeir geti nýtt hæfileika

sína. Það færi betur á því að Sjálfstæðisflokkurinn legði áherslu á að auka gæði menntunar og valfrelsi nemenda um leið og sjálfstæði skóla er aukið.

Skjaldborg um Ríkisútvarpið?

Það yrðu vonbrigði ef landsfundur samþykkti tillögu allsherjar- og menntamálanefndar um fjölmiðla en þar segir:

„Fjölmiðlun er afar mikilvæg í lýðræðisþjóðfélagi og einkareknir fjölmiðlar þurfa að hafa burði og jafnræði til að sinna mikilvægu hlutverki í samkeppni við Ríkisútvarpið. Mikilvægt er að varðveita menningararf þann sem Ríkisútvarpið ohf. hefur umsjón með og gera efni í eigu stofnunarinnar aðgengilegt almenningi.

Á sama tíma og hefðbundið línulegt sjónvarp og prentmiðlar hafa gefið eftir hafa miðlar, efnisveitur og rafræn dreifing efnis gjörbreytt áhorfsvenjum ekki síst hjá ungu fólki. Skilgreina þarf því upp á nýtt dagskrárgerð og fjárveitingar ríkisins til slíkra verkefna og hvaða menningarfræðslu og dagskrárgerð á að njóta styrkja hins opinbera. Endurskoða þarf því lög um Ríkisútvarpið og hlutverk þess í takt við nýjan veruleika.“

Drög allsherjar- og menntamálanefndar verða því miður ekki skilin með öðrum hætti en reyna eigi að slá skjaldborg um Ríkisútvarpið. Að minnsta kosti er tónninn annar en á ályktun landsfundar 2013 þar sem sagði:

„Rekstur ríkisins á fjölmiðlum má ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla. Landsfundur leggur til að þörf samfélagsins fyrir ríkisfjölmiðil verði endurskilgreind og Ríkisútvarpið ohf. verði lagt niður í núverandi mynd ef ástæða þykir til. Skilgreina þarf hvaða menningarfræðslu og dagskrárgerð á að styrkja opinberlega og tryggja fjármagn til þeirra verkefna.“

Eftir því sem best er vitað hefur endurskilgreining á „þörf samfélagsins fyrir ríkisfjölmiðil“ ekki farið fram, tæpum þremur árum eftir að landsfundur taldi það nauðsynlegt. Ástæðan er óljós. En krónísk fjárhags- og rekstrarvandræði Ríkisútvarpsins (sem er opinbert hlutafélag) varð til þess að mennta- og menningarmálaráðherra skipaði þriggja manna óháðan starfshóp fyrr á þessu ári til að greina fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Sá er þetta ritar hefur upplýsingar um að skýrsla starfshópsins sé til-

búin og hafi verið afhent fyrir mörgum vikum. Af einhverjum ástæðum hefur skýrslan ekki verið birt. Það er sérkennilegt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að almenningur fái ekki aðgang að skýrslu um fjárhagslega stöðu fyrirtækisins sem a.m.k. á tyllidögum og í auglýsingum er sagt „okkar allra“ sem með góðu eða illu greiða nefskatt í formi útvarpsgjalds til að standa undir rekstrinum.

Fyrir landsfundarfulltrúa hefði ekki verið ónýtt að hafa skýrsluna við höndina þegar þeir móta stefnu Sjálfstæðisflokksins og taka afstöðu til ríkisrekstrar á fjölmiðlamarkaði í samkeppni við misburðuga einkaaðila.

Pólítískur kraftur

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur misjafnlega merkileg atriði úr drögum málefnaefnda sem líklegt og vonandi verður deilt um.

Það er magnað að verða vitni að því hvernig samkeppni hugmynda og hörð skoðanaskipti á landsfundi geta leyst úr læðingi pólitískan kraft sem andstæðingar Sjálfstæðisflokksins hafa aldrei skilið né staðist. Styrkur Sjálfstæðisflokksins felst í dagskrárvaldi almennra flokksmanna.

21. október 2015

Fundir sem skipta máli og þeir sem engu skipta

Fundir stjórnmalaflokka eru misjafnir. Flestir skipta litlu og þjóna ekki öðrum tilgangi en að gefa samherjum tækifæri til að koma saman, sitja undir ræðum, jánka, kinka kalli og fá sér kaffi. Sumir fundir gára hið pólitíska vatn í nokkra daga en svo færast lognmollan aftur yfir og allt verður eins og áður. En svo eru haldnir einstaka fundir sem marka tímamót – setja spor í söguna sem fennir ekki yfir og verða einskonar hreyfiafl breytinga og hugmyndafræðilegrar sóknar.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins um liðna helgi var ekki aðeins líflegur heldur bendir flest til að þar hafi orðið þáttaskil í starfi flokksins. Ungt fólk lét til sín taka með skipulegum hætti og hafði veruleg áhrif á stefnuna sem var mótuð og samþykkt. Framganga þess var til fyrirmyndar. Ungliðar mættu til leiks með mótaðar hugmyndir og tillögur, fylgdu þeim eftir af festu og náðu árangri.

Mér er til efst að Sjálfstæðisflokkurinn hafi nokkru sinni átt jafn fjölmenna sveit ungs fólks á landsfundi sem hefur hæfileika og vilja til að

fylgja hugsjónum sínum eftir. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Elín Káradóttir, Pawel Bartoszek, Laufey Rún Ketilsdóttir og Albert Guðmundsson eru hluti af öfluglu liði ungs fólks sem er tilbúið til að taka þátt í pólitísku starfi til að hafa áhrif á samfélagið. Undir gunnfána frelsis vill ungt fólk varða veginn, gefa einstaklingnum aukið svigrúm, hverfa frá forsjarhyggju og koma böndum á ríkisvaldið. Fordómum er hent út í hafsauga, staðalímyndum hverskonar er hafnað, forréttindum vísað á bug en þess krafist að hver og einn fái að vera hann sjálfur – að allir séu jafnir fyrir lögum og njóti jafnra tækifæra í lífinu.

En það voru ekki bara þeir yngri sem létu að sér kveða á landsfundinum. Samtök eldri sjálfstæðismanna [SES], undir forystu Halldórs Blöndals tóku virkan þátt í stefnumótun á fundinum eins og m.a. má sjá glögg í ályktun um velferðarmál. Eldri sjálfstæðismenn mættu vel nestaðir á fundinn samkvæmt venju enda SES öflug og virk í pólitísku starfi. Ég hef áður haldið því fram að vikulegir fundir SES séu með þeim skemmtilegustu enda er þar rædd pólitík án tæpitungu.

Verkefnalisti

Með einföldum hætti er hægt að segja að með ályktunum hafi landsfundarfulltrúar útbúið verkefnalista fyrir þingmenn, ráðherra og sveitarstjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins. Auðvitað eru ekki allir sammála öllu sem samþykkt var. Kjörnir fulltrúar flokksins, sem ekki hreyfðu andmælum eða vöktu sérstaka athygli á að þeir væru andvígir því sem samþykkt var, hljóta að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja framgang þeirra verkefna sem landsfundur telur nauðsynleg.

Sum verkefnin eru einföld og auðvelt að leysa. Sjálfstæð ráðuneyti dómsmála og heilbrigðismála eru dæmi. Enn einfaldara er að framfylgja stefnu Sjálfstæðisflokksins um lækkun kosningaaldurs í 16 ár. Þar þarf í raun ekki annað en breyta einum staf í kosningalögum. Með breytingunni vilja sjálfstæðismenn að kosningaaldur miðist við upphaf sjálfstæðrar skattlagningar eða eins og segir í ályktun:

„Skattgreiðendur í lýðræðisríki hafa þann rétt að kjósa hvernig skattfé skuli ráðstafað og er því ótækt að skattgreiðendum sé mismunað á grundvelli aldurs.“

Önnur verkefni eru flóknari og krefjast nokkurs undirbúnings. Í ályktun fjárlaganefndar sem landsfundur samþykkti segir:

„Sjálfstæðisflokkurinn telur að selja eigi ákveðnar ríkiseignir s.s.

eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum, rekstur flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og annan verslunarrekstur Isavia sem og RÚV. Ráðast þarf í úttekt á hagkvæmni húsnæðis ríkisstofnana og ríkið selji í framhaldinu allar þær eignir sem ekki eru nauðsynlegar.“

Fátt ætti að koma í veg fyrir að þessari stefnu sé hrint í framkvæmd þegar á næsta ári.

Gegn forræðishyggju og afturhaldi

Í menntamálum samþykkti landsfundur meðal annars:

„Tryggja ber að óskert fjárframlag fylgi hverjum nemenda á öllum skólastigum t.d. í formi ávísanakerfis. Með því er stuðlað að fjölbreyttara rekstrarformi skóla og tekið tillit til ólíkra þarfa nemenda til þess að vekja áhuga og þroska hæfileika þeirra sem best.“

Þessi stefnumörkun er í anda þess sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi barist fyrir en til að tryggja framkvæmd hennar verður menntamálaráðherra að hafa sveitarstjórnarmenn heilshugar í liði sínu.

Lækkun áfengiskaupaaldurs í 18 ár mun örugglega valda deilum og skiptir engu þótt bent sé á hversu öfugsnúið það sé að banna lögráða og fjárráða einstaklingum að kaupa löglegar neysluvörur. Á Alþingi eru fulltrúar forræðishyggjunnar en hlutverk þingmanna Sjálfstæðisflokksins er að takast á við þá og forðast ekki átökin.

„Líta þarf á fíkn sem heilbrigðisvanda en ekki löggæsluvanda,“ segir í ályktun um velferðarmál. Með þessu vill Sjálfstæðisflokkurinn hverfa frá refsistefnu sem einkennt hefur baráttuna við fíkniefnadjöfulinn. Í stað refsingar komi hjálp og aðstoð til að verða virkir borgarar. Fátt er í meira samræmi við grunnstef sjálfstæðisstefnunnar um að aðstoða einstaklinga í vanda til sjálfsbjargar.

Gegn þessari stefnu munu forræðishyggjan og afturhaldið berjast. Þá reyndir á þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Suðupottur hugsjóna

Hér eru aðeins nefnd nokkur þeirra verkefna sem landsfundur fól kjörnum fulltrúum að vinna að. Ónefnd eru önnur mikilvæg s.s. í peningamálum, bygging Landspítala, einkarekstur í heilbrigðisþjónustu, varðstaða um Reykjavíkflugvöll, fjárhagslegt sjálfstæði eldri borgara og uppbygging séreignastefnunnar.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins var suðupottur hugmynda og hugsjóna – það kraumaði undir og oft tekist á. Þannig eiga lands-

fundir að vera. Ánægjulegast var að skynja hvernig sjálfstæðismenn hafa endurheimt pólitískt sjálfstraust, sem er forsenda pólitískra landvinninga.

Bjarni Benediktsson formaður og Ólöf Nordal varaformaður fara því vel nestuð af landsfundi. Við hlið þeirra stendur ung og glæsileg kona – Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins. Öll fengu þau óvenjulega myndarlega kosningu í embætti og óskorað umboð til að leiða flokkinn til nýrra tíma.

28. október 2015



Með góðan málstað en tapa umræðunni

Ríkisstjórnarflokkarnir eru að læra harða lexíu. Í stjórn málabaráttu nútímans dugur ekki að vísa eingöngu til góðra verka. Góður málstaður, rífandi hagvöxtur, aukinn kaupmáttur launa, lág verðbólga og tuga milljarða aukning í velferðarkerfið, nægir ekki lengur til að tryggja stjórn málaflokkum gott gengi, hvorki í skoðanakönnunum eða kosningum.

Í þingkosningunum 2013 fengu Framsóknarflokkur og Sjálfstæðis-

flokkur samtals rúmlega 51% atkvæða. Fylgi Samfylkingarinnar hrundi og geymir síðari tíma saga vestrænna stjórn mála fá dæmi um viðlíka fylgishrun. Vinstri grænir fengu lítið minni skell þar sem annar hver kjósendi flokksins yfirgaf flokkinn.

Pegar liðlega eitt ár lifir af kjörtímabilinu virðist pólitískt landslag gjörbreytt frá kosningum. Framsóknarflokkurinn hefur misst helming kjósenda og er langt undir 21% meðalfylgi frá 1963. Samfylkingunni heldur áfram að blæða. Þjört framtíð er að hverfa til fortíðar. Vinstri grænir eru að festast sem smáflokkur og Sjálfstæðisflokkurinn stendur í stað með fjórðung kjósenda, samkvæmt Gallup. Flokkurinn sem skreið yfir 5%-múrinn í síðustu kosningum fer nú með himinskautum. Píratar mælast með 35% fylgi sem er svipað og meðalfylgi Sjálfstæðisflokksins frá 1963.

„Bullandi góðæri“

Ríkisstjórnarflokkarnir geta bent á fjölmargt og jafnvel hælt sér af:

- Þrjú ár í röð hafa fjárlög verið afgreidd með afgangi.
- Skuldir ríkissjóðs lækkuðu verulega á síðasta ári og verða komnar niður í 50% af vergri landsframleiðslu á þessu ári. Lánshæfismat ríkissjóðs hefur batnað og vaxtakjör þar með.
- Verðbólga hefur á síðustu 24 mánuðum verið undir markmiðum Seðlabankans.
- Kaupmáttur launa hefur aldrei verið meiri.
- Atvinnuleysi er komið niður í 3,1%.
- Samkvæmt fjárlögum 2016 verða útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála 38,5 milljörðum krónum hærri en á fjárlögum 2013.
- Fyrstu skrefin við uppbyggingu Landspítalans hafa verið stigin.
- Bætur almannatrygginga hækkuðu um liðlega 17% frá 2014 til 2016. Á sama tíma hækkaði verðlag um 7%.
- Frá því að ríkisstjórnin tók við völdum hafa útgjöld almannatrygginga hækkað um 27 milljarða króna.
- Almenn vörugjöld hafa verið felld niður. Tollar á þúsundum vöru-flokka aflagðir.
- Tekjuskattur einstaklinga verið einfaldaður, þrepum fækkað og lægsta skattþrepið lækkað.
- Nauðasamningar þrotabúa bankanna staðfestir, stöðugleikaframlag innheimt og forsendur fyrir afnámi fjármagnshafta skapast.

Einhvern tíma hefði verið sagt: Það er bullandi góðæri og pólitísk staða stjórnarflokka er sterk.

Fleira en „góðæri“ skiptir máli

Góður hagvöxtur, aukinn kaupmáttur, minna atvinnuleysi, gríðarleg aukning útgjalda til heilbrigðismála og almannatrygginga, ásamt ýmsum skattalækkunum, var á árum áður ávísun á gott gengi ríkisstjórnarflokka. Þegar bætist við veik og sundurtætt hefðbundin stjórnarandstaða, ætti ríkisstjórn að standa sterkum fótum. Því fer hins vegar fjarri.

Jafnvel „skuldaleiðrétting“ Framsóknarflokksins hefur ekki skilað sér í auknu fylgi. Samkvæmt Gallup var samanlagt fylgi stjórnarflokkanna í janúar aðeins 36,4% eða 14,7%-stigum minna en í kosningunum. Þar munar mest um fylgistap Framsóknarflokksins.

Framsóknarmenn hljóta að spyrja sjálfa sig hvernig standi á því að flokkurinn njóti þess í engu að hagur landsmanna (langflestra) er að batna og framtíðin hefur sjaldan ef nokkru sinni verið bjartari. Með sama hætti verða sjálfstæðismenn að hugleiða af hverju þeim tekst ekki að endurheimta fyrri stöðu í íslenskum stjórnámálum.

Skýringarnar eru örugglega margflóknar og sumar eru huldar þeim sem hér heldur um penna. Eitt virðist augljóst. Fyrir almenning – og þá ekki síst yngri kjósendur – skiptir fleira máli en góður gangur í efnahagslífinu og aukinn kaupmáttur. Traust skiptir þar ekki minnstu og traust skapast ekki nema allt sé upp á borðum, hvort heldur það er sala á eignum ríkisins (sbr. Borgun) eða aðgengi að öllum fjárhagslegum upplýsingum ríkisins. Krafan um að fólk fái að ráða meira um eigið líf birtist í ákalli um þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál, en er einnig krafa um að draga úr afskiptum hins opinbera og stjórnámalanna af daglegu lífi landsmanna.

Ekki í takt við kjósendur

Erfið staða stjórnarflokkanna kann að skýrast af því að ríkisstjórnin stígur ekki í takt við einstaklingana í mikilvægum málum. Ríkisstjórnarfrumvarp um húsnæðisbótakerfi fær þá einkunn að vera „frumvarp um aukna aumingjavæðingu Íslendinga“.

Erla María Tölgyes afbrotafræðingur skrifar áhugaverða grein á *romur.is* – nýtt vefrit sem ungt frjálslynt fólk stendur að. Forystumenn ríkisstjórnarinnar mættu kynna sér skoðanir Erlu Maríu sem segir áætlanir ráðherra húsnæðismála um húsnæðisbætur „allsherjar áhlaup á vindmyllur“. Hún bendir á að yfirgnæfandi meirihluti ungs fólks vilji festa kaup á eigin húsnæði en vandamálið sé að það eigi ekki fyrir útborgun og neyðist því til þess að leigja:

„Frumvarpið er hins vegar ætlað sem bót á meinum leigumarkaðar-

ins en þau eru ekki önnur en afleidd vandamál eignamarkaðarins og í því felst vindmylluáhlaup ráðherrans. Húsnæðiskerfinu mætti því í núverandi ástandi líkja við lekandi hús þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að gefa íbúum fötur til þess að setja undir lekana í stað þess gera við þá. Réttara væri að leggja fram frumvarp sem legði allt kapp á að einfalda fólki að festa kaup á eigin húsnæði og beindi fjármunum í slík úrræði.“

Erla María varar við hugmyndafræði bótavæðingarinnar:

„Upp í hugann kemur orðtakið gefðu manni að borða og hann verður saddur í dag, kenndu honum að veiða og hann þarf aldrei að líða hungur aftur. Ég spyr því lesendur hvort hljómi betur; mánaðarlegur tékki frá ríkissjóði eða hvatar sem verðlauna sparnað fólksins sjálfs. Í mínum huga er spurningin einföld og svarið augljóst en seinni leiðin er líklegri til þess að auka öryggis- og ábyrgðartilfinningu einstaklinga gagnvart sjálfum sér.“

Getur verið að ríkisstjórnarflokkarnir séu úr tengslum við ungt fólk þegar kemur að stefnu í húsnæðismálum? Sterk staða Sjálfstæðisflokksins meðal ungra kjósenda, á árum áður var meðal annars vegna þess hve ríka áherslu flokkurinn lagði á að skapa ungu fólki tækifæri til að eignast sitt eigið húsnæði og verða fjárhagslega sjálfstætt.

Óunnin verk

Ríkisstjórnarflokkunum hefur ekki tekist að nýta sér sterka málefna-stöðu og veika stjórnarandstöðu. Þeir átta sig illa á því hvort og þá hvernig rétt sé að takast á við uppgang Pírata, sem minna helst á Kvinnalistann sem í orði hafnaði hefðbundnum merkingum stjórn-málanna – vinstri og hægri. Kvinnalistinn gekk þó að lokum til liðs við vinstri flokkana undir fána Samfylkingarinnar. Píratar hafa breyst í hefðbundinn stjórn-mála-flokk þar sem flokkseigandafélag berst við að halda völdum. Og æ betur kemur í ljós að forysta þeirra á fyrst og síðast samleið með vinstri flokkunum, hvort heldur er á þingi eða í meirihluta borgarstjórnar.

Í kosningunum á næsta ári dugur ekki fyrir ríkisstjórnina að benda á góða stöðu efnahagsmála, sterkara og betra heilbrigðiskerfi og almennt bætt lífskjör. Ríkisstjórnin verður að tryggja að nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá nái fram að ganga á þessu ári, stokka upp almannatrygg-ingakerfið og styrkja stöðu þeirra sem lakast standa. Og ríkisstjórnin verður að sjúga út eitru tortryggni með opinni stjórnsýslu og aðgengi almennings að upplýsingum með nýrri löggjöf.

Stjórn mála flokkar með slíka afrekaskrá geta óhræddir lagt fram stefnu til langrar framtíðar og náð trausti kjósenda. Þeir þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af því að tapa umræðunni.

17. febrúar 2016

Ábyrgð stjórnarþingmanna

Landsmenn hafa enn einu sinni fengið smjörþefinn af því sem koma skal ef draumar stjórnarandstöðunnar um að fella ríkisstjórnina ræstast. Í umræðum um fundarstjórn forseta síðastliðinn mánudag var ekki gengið fram af hófsemd. Stóryrðin og brigslyrðin voru ekki spöruð vegna fjárhagslegra málefna forsætisráðherra og eiginkonu hans.

„Og megi Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gjöra svo vel að drulla sér úr sínum ráðherrastól sem allra fyrst,“ sagði Birgitta Jónsdóttir, leiðtogi Pírata á þingi. Hún var í harðri samkeppni við Guðmund Steingrímsson, fyrrverandi formann Bjartrar framtíðar, sem sakaði forsætisráðherra um að vera „frægasta fjárglæfingur heimabyggðarinnar“ – hvorki meira né minna. Helgi Hrafn Gunnarsson, formaður Pírata, sýndi meiri yfirvegum en flokkssystirin sem að hans sögn hefur „opinberlega rægt aðra, þónokkuð oft og mikið“.

Pólitísk líflína

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, er sannfærður um að erfið staða forsætisráðherra sé einstakt tækifæri og geti orðið pólitísk líflína í baráttunni við að halda völdum í Samfylkingunni.

Líkt og nær allir þingmenn stjórnarandstöðunnar nýtti Árni Páll þingsköp til hins ýrasta til að kalla eftir afsögn forsætisráðherra í umræðum um fundarstjórn forseta. Um leið krafði hann stjórnarþingmenn um að þeir upplýstu hverju þeir ætluðu að svara GRECO-nefnd Evrópuráðsins vegna spillingarmála. Árni Páll veit sem er að engar líkur eru á því að nefndin óski eftir skýringum hans eða annarra samfylkinga á baktjaldamakki í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Í bréfi sem Árni Páll skrifaði til félaga sinna í Samfylkingunni 11. febrúar síðastliðinn staðfesti hann að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefði byggt „aðildarumsókn að ESB á flóknu baktjaldasamkomulagi“. Formaður Samfylkingarinnar hefur aldrei skýrt út hvað fólst í hrossakaupum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Ekkert liggur fyrir um hvað var selt og hvað var keypt á bak við luktur dyr vinstriflokkanna, sem

um leið sammæltust um að koma í veg fyrir að landsmenn kæmu að afdrifaríkri ákvörðun í þjóðar- atkvæðagreiðslu.

Árni Páll Árnason fær kærkomið tækifæri til að leggja spilin á borðin í væntanlegri umræðu um vantrausts- tillögu á forsætisráðherra og ríkisstjórn, sem hann hefur lagt fram í félagi við formenn Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar, auk Birgittu Jónsdóttur. Stjórnarandstaðan telur nauðsynlegt að rjúfa þing og boða til kosninga sem fyrst. Áður en kjósendur



ganga að kjörborði er nauðsynlegt að þeir verði upplýstir um baktjalda- makkið svo þeir geti áttað sig á því á hverju er von ef vinstriflokkarnir komast aftur í ríkisstjórn sem væntanlega verður undir forsæti Birgittu Jónsdóttur, líkt og Össur Skarphéðinsson hefur lagt til.

Erfið staða

Engum getur dulist að pólitísk staða forsætisráðherra er erfið. Um leið er tvísýnt um ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Líkt og svo oft áður í stjórnámálum skiptir litlu hvað einstaka þingmönnum, ráðherrum eða stuðningsmönnum ríkisstjórnarflokkanna finnst vera sanngjarnt eða ósanngjarnt. Veruleikinn blasir við og að óbreyttu verður ekki haldið áfram.

Ábyrgð stjórnarþingmanna og ráðherra er mikil. Þeim ber skylda til þess að tryggja að ekki skapist pólitískt upplausnarástand sem grefur undan þeim mikla árangri sem náðst hefur á kjörtímabilinu. Fram undan geta verið þáttaskil við afnám fjármagnshafta sem skapa nauðsynlegar forsendur fyrir frekari framþróun viðskipta- og efnahagslífsins sem er grunnur bættra lífskjara. Fyrirhugað gjaldeyrisútboð Seðlabankans í maí verður vart haldið í andrúmslofti pólitískrar óvissu. Kostnaðurinn verður borinn af launafólki og fyrirtækjum.

Árangur ríkisstjórnarinnar er óumdeildur. Hagvöxtur er rífandi – 4%

á liðnu ári og annað eins á þessu ári. Kaupmáttur launa hefur aldrei verið meiri og atvinnuleysi er komið niður í 3,1%. Verðbólga síðustu 12 mánuði er langt undir verðbólgu markmiðum, eða 1,5%. Síðustu 26 mánuði – í liðlega tvö ár – hefur verðbólga verið undir markmiðum Seðlabankans. Stöðugt verðlag gerir verðtryggingu óþarfa og óskynsamlega.

Á liðnu ári greiddi ríkissjóður fyrir fram 150 milljarða af innlendum og erlendum skuldum. Að öðru óbreyttu lækka árlegar vaxtagreiðslur um sjö milljarða. Tekist hefur að lækka skuldir ríkissjóðs gríðarlega og verða þær komnar niður fyrir 50% af vergri landsframleiðslu á þessu ári. Þar með hefur verið búið í haginn fyrir framtíðina. Og þrjú ár í röð hafa fjárlög verið afgreidd með afgangi – nokkuð sem fáar þjóðir geta státað af.

Stefnt í tvísýnu

Samkvæmt fjárlögum 2016 verða útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála 38,5 milljörðum króna hærrí en á fjárlögum 2013. Í undirbúningi er að efla heilsugæsluna verulega og styrkja þar með grunnheilbrigðiskerfisins. Uppbygging Landspítalans er hafin og í undirbúningi er að innleiða greiðsluþátttökukerfi til að létta byrðum af þeim sem bera þungan kostnað. Öllu þessu er stefnt í tvísýnu.

Á valdatíma ríkisstjórnarinnar hafa útgjöld til almannatrygginga hækkað um 27 milljarða króna og frá 2014 til 2016 hafa bætur almannatrygginga hækkað um liðlega 17% á sama tíma og verðlag hefur hækkað um 7%. Verið er að undirbúa róttækar breytingar á almannatryggingakerfinu – einfalda kerfið og bæta hag þeirra sem lökust hafa kjörin. Þær breytingar ná ekki fram í andrúmslofti óvissu og í aðdraganda kosninga.

Nauðasamningar þrotabúa bankanna hafa verið staðfestir og stöðugleikaframlag innheimt. Þar með hafa forsendur fyrir afnámi fjármagnshafta skapast sem pólitísk óvissa stefnir í óvissu.

Mikilvæg skref hafa verið tekin í skattamálum þó langur vegur sé frá því að ríkisstjórnin hafi undið ofan af „you ain't seen nothing yet“-skattavitleysu Samfylkingar og Vinstri grænna. Sú vitleysa verður endurtekin að loknum kosningum rætist draumar stjórnarandstöðunnar um að ná meirihluta.

Hver og einn þingmaður og ráðherra ríkisstjórnarinnar verður því að spyrja sjálfan sig hvort hann sé reiðubúinn að varðveita mikinn árangur síðustu ára og leggja þar með styrkari grunn að bættum lífskjörum almennings á komandi árum. Ef svarið er já verður hver og einn að

svara annarri spurningu: Hvað get ég gert og hvað verð ég að gera?

Svarið kann að vera óþægilegt og ekki sérstaklega sanngjarnt.

6. apríl 2016

Fjölmörg verkefni eru enn óleyst

Líklegast mun ég aldrei skilja af hverju ríkisstjórnarflokkarnir komust að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast væri að stytta kjörtímabilið og boða til alþingiskosninga í haust. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur náð miklum árangri frá því að hún tók við völdum og nýsamþykkt lög um meðferð aflandskróna undirstrika árangurinn og renna styrkum stoðum undir afnám fjármagnshafta.

Stöðugleiki, jafnvægi í búskap ríkisins, aukinn kaupmáttur, sterkur hagvöxtur, lítið atvinnuleysi, aukin framlög til heilbrigðismála og almannatrygginga bera þess vitni að í flestu hefur tekist vel til. Afnám almennra vörugjalda, niðurfelling tolla á fatnaði og lækkun tryggingagjalds eru til marks um vilja stjórnarflokkanna að lækka opinberar álögur á fyrirtæki og launafólk um leið og stólpar velferðarkerfisins eru styrktir. Tekin hafa verið mikilvæg skref í átt að skynsamlegu kerfi tekjuskatts, þótt enn sé langt í land að lagfæra þau skemmdarverk sem unnin voru á einföldu og gegnsæju skattkerfi á síðasta kjörtímabili.

En þótt vel hafi gengið og lífskjör batnað verulega á síðustu árum hefur ríkisstjórnin langt í frá lokið við öll verkefni sem stefnt var að eða stuðningsmenn hennar bundu vonir við að yrðu kláruð.

Heilbrigðismál í hættu

Fyrir tæpu ári, þegar ég líkt og aðrir taldi að tvö ár væru enn til kosninga, hélt ég því fram að helstu mál næstu kosninga yrðu heilbrigðismál; heilbrigðiskerfið, fjármögnun þess, skipulag og hvernig við sameiginlega tryggjum hvert öðru bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu óháð aldri, efnahag og búsetu. Ég var sannfærður um að nýtt ár gæti markað upphaf sóknar í heilbrigðisþjónustu, ekki aðeins með því að tryggja aukna fjármuni heldur ekki síður með skipulagsbreytingum og betri nýtingu fjármagns og þess mikla mannauðs sem fyrir hendi er. Þar skiptir miklu að nýta krafta einkaframtaksins samhliða því að byggja upp öflugt háskólasjúkrahús og styrkja grunninn – heilsugæsluna.

Á kjörtímabilinu hafa verið stigin stór skref og útgjöld til heilbrigðismála á þessu ári verða að óbreyttu um 38 milljörðum hærri en á fjárlögum 2013. Fyrir nokkru var rekstur þriggja nýrra heilsugæslustöðva boðinn út og heilbrigðisráðherra hefur lagt fram tímamótafrumvarp um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu. Verði frumvarpið að lögum verður komið í veg fyrir mikla fjárhagslega erfiðleika og jafnvel gjaldþrot einstaklinga sem glíma við langvarandi veikindi.

Kosningar í haust stefna þessu öllu í óvissu og hættu. „Kerfið“ lítur á frumvarp um greiðsluþátttöku – mikilvægt réttlætismál – sem tækifæri til að „koma böndum“ á starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðinga og annarra einkaaðila í heilbrigðisþjónustu. Nái „kerfið“ sínu fram verður ekki aðeins dregið úr valmöguleikum einstaklinga heldur verður aðgengi skert, biðlistar lengjast og þjóðhagslegur kostnaður hækkar. Taki vinstri stjórn við völdum að loknum kosningum er öruggt að settir verða steinar í götu nýrra heilsugæslustöðva. Hagkvæmni – skynsamleg nýting mannauðs og fjármuna – samhliða öflugri þjónustu þar sem aðgengi allra er tryggt, er líkt og aukaatriði í hugum vinstri manna. Aðalatriðið er að ríkið sjái um reksturinn.

Ungt fólk og fjárhagslegt sjálfstæði

Eitt stærsta óleysta verkefni ríkisstjórnarinnar er á sviði húsnæðismála. Frumvarp stjórnarinnar um húsnæðisbætur byggist á rangri hugmyndafræði og grefur fremur undan möguleikum launafólks til að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði. Ungt fólk hefur áttað sig á þessu.

Í febrúar skrifaði Erla María Tölgyes pistil á vefritið *romur.is* um húsnæðisbótafrumvarpið. Þar varaði hún við hugmyndafræði bótavæðingarinnar, sem frumvarpið byggist á:

„Upp í hugann kemur orðtakið gefðu manni að borða og hann verður saddur í dag, kenndu honum að veiða og hann þarf aldrei að líða hungur aftur. Ég spyr því lesendur hvort hljómi betur; mánaðarlegur tékki frá ríkissjóði eða hvatar sem verðlauna sparnað fólksins sjálfs.“

Kristófer Már Maronsson hagfræðinemi hefur lagt fram athyglisverðar hugmyndir um hvernig gera má almenningi – ekki aðeins ungu fólki – kleift að eignast eigið húsnæði. Hann vill að launafólki verði heimilt að nýta hluta iðgjalda í lífeyrissjóð í allt að sjö ár til að eignast eigið húsnæði – byggja upp eigið fé og greiða beint inn á höfuðstól húsnæðislána.

Hugmynd Kristófers Más er róttæk en gjörbreytir húsnæðis-

markaðinum. Hún byggir undir séreignarstefnuna og styrkir fjárhagslega stöðu almennings í bráð og lengd. Ríkisstjórnin gerði margt vitlausara en að taka hugmyndir af þessu tagi upp á sína arma, útfæra og hrinda í framkvæmd.

Kosningar í haust ganga þvert á vonir ungs fólks um róttækar breytingar. Ríkisstjórn vinstri flokka framkvæmir ekki hugmyndir af þessu tagi heldur þræmmar áfram veg bótavæðingar og leiguliðastefnu.

Enn fleiri verkefni

Verkefnin eru miklu fleiri sem ríkisstjórnin gæti unnið að.

Sameiginlega verða Íslendingar að lyfta grettistaki við að styrkja innviði samfélagsins. Á næstu 10 árum þurfum við ráðast í allt að 500 milljarða innviðafjárfestingu, ekki síst í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, samgöngu- og fjarskiptakerfi. Slík fjárfesting verður ekki nema með þátttöku einkaaðila, lífeyrissjóða og fagfjárfesta. Heildstæð stefna og áætlun liggur ekki fyrir.

Hvernig undið verður ofan af ríkisvæðingu fjármálakerfisins er óljóst. Hvert hlutverk ríkisins verður eða á að vera er óljóst og umdeilt. Sá er þetta ritar hefur lagt til að fyrsta skrefið til að draga ríkið út úr áhættusömum rekstri fjármálafyrirtækja sé að afhenda skattgreiðendum og fjölskyldum þeirra 12% í öllum bönkunum – alls 74 milljarða miðað við eigið fé. Með þessum hætti fengju landsmenn að njóta með beinum hætti þess mikla virðisauka sem myndast hefur innan veggja bankanna frá endurreisn þeirra.

Rökin fyrir kosningum í haust verða sífellt léttvægari. Ég hef lýst áhyggjum mínum yfir því að þær breytingar sem búið er að ákveða á tekjuskatti einstaklinga muni ekki ná fram að ganga, ef ný ríkisstjórn tekur við völdum fyrir komandi áramót. Þriggja þrepa tekjuskattur fær að lifa (á kostnað millistéttarinnar) og líklega mun það eitt gerast að skattprósentan hækkar, ef hugmyndafræði „norrænu velferðarstjórnarinnar“ 2009-2013 verður endurvakin. Vonir um lækkun annarra skatta – erfðafjárskatts, tekjuskatts fyrirtækja, tryggingagjalds, verða að þokukenndum draumi en martröð skattahækkana tekur við.

Traustur meirihluti á þingi gefur ríkisstjórninni tækifæri til að ganga röklega til verks; tryggja að fyrirhugaðar breytingar á skattkerfinu verði að veruleika, sótt verði fram á sviði heilbrigðisþjónustu, lögð fram stefna í fjárfestingum innviða næstu árin, byggt undir séreignarstefnuna, tryggt að almenningur fái beinan hlut í virðisauka bankanna, að ekki sé minnst á einföldun almannatryggingakerfisins, með bættum

hag eldri borgara og öryrkja.

25. maí 2016



Má stjórnarþingmaður hafna skattahækkunum?

Svarið við spurningunni sem sett er fram í fyrirsögn vefst ekki fyrir þeim sem hér heldur á penna: Já, auðvitað getur þingmaður ríkisstjórnar staðið gegn hækkun skatta. Ekki síst ef viðkomandi er þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Fyrir síðustu kosningar var boðskapur flokksráðsfundar Sjálfstæðismanna skýr: „Við viljum halda sköttum í lágmarki og að fólk haldi sem mestu af því sem það aflar.“

Samþykkt flokksráðsins er í anda þess sem ítrekað hefur verið samþykkt á landsfundum Sjálfstæðisflokksins, síðast árið 2015. Í stjórn-málaályktun var undirstrikað að flokkurinn vildi „halda sköttum í lágmarki og að fólk haldi sem mestu af því sem það aflar“. Í ályktun um efnahags- og viðskiptamál var bent á að það væri óviðunandi að stjórn-

málamenn eyddu „næstum því annarri hverri krónu sem landsmenn“ öfluðu. Tekið var afdráttarlaust til orða í ályktuninni:

„Tryggja verður að útgjöld ríkisins verði ekki fjármögnuð á kostnað skattgreiðenda með hærri skatt-byrði. Draga verður verulega úr umsvifum ríkisins og forgangsraða í þágu grunnþjónustu.“

Það hefur verið eindreginn vilji Sjálfstæðisflokksins að vinda ofan af skattahækkunum vinstri stjórna og einfalda skattkerfið. Mikilvæg skref voru stigin á síðasta kjörtímabili með afnámi millipreps í tekju-skatti einstaklinga, afnámi almennra vörugjalda og niðurfellingu tolla á flestum vörum. Tryggingagjaldið var einnig lækkað lítilliga og efra þrep virðisaukaskattsins hefur ekki verið lægra.

Ekki skjól fyrir þyngri byrðar

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar er því heitið að efla skattaeftirlit og vinna gegn skattaundanskotum. Bent er á að „sanngarnt skattaumhverfi“ dragi úr þörfum fyrir ívilnanir og afslátt af opinberum gjöldum til að auka alþjóðlega samkeppnishæfni. Tvö önn-ur skýr fyrirheit eru gefin:

- Hugað verður sérstaklega að skattaumhverfi einyrkja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja með einföldun og lækun tryggingagjalds.
- Komið verði á samræmdu kerfi grænna skatta með „eðlilegar álögur á mengandi starfsemi og skapa jafnframt hvata til samdráttar í losun og til annarra mótvægisáðgerða“.

Með öðrum orðum: Ríkisstjórnin vill sanngarnt skattkerfi, huga að samkeppnishæfni íslensks atvinnu-lífs, lækka tryggingagjald til að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki og taka upp eðlilegar álögur á mengandi starfsemi undir hatti svokallaðra grænna skatta.

Hvergi er gefið í skyn – beint eða óbeint – að álögur á einstaklinga eða fyrirtæki verði auknar. Þvert á móti.

Það kann að vera skynsamlegt að breyta skattlagningu með það að markmiði að stuðla að aukinni notk-un hreinna orkugjafa. En „samræmt kerfi grænna skatta“ getur ekki orðið skjól til að auka heildarálögur á einstaklinga og fyrirtæki. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir „eðlilegum álögum á meng-andi starfsemi“ en ekki að seilst sé dýpra í vasa landsmanna og auka þar með tekjur ríkissjóðs. Markmiðið hlýtur að vera að innleiða einfalt og skilvirkt skattkerfi á eldsneyti og mengandi starfsemi, með gagnsæi að leiðarljósi.

Útgjaldavandi ekki tekjuvandi

Vandi ríkissjóðs er ekki tekjuvandi heldur skipulag ríkisins, gríðarlegur kostnaður við rekstur þess og vit-laus forgangsröðun útgjalda. Á síðasta ári voru tekjur ríkisins (að frátöldum stöðugleikaframlögum) um 257 milljörðum króna hærri að raungildi en árið 2000.

Á sama tíma hækkuðu rekstrar- og neyslutilfærslur (s.s. almannatryggingar, sjúkratryggingar, barna-bætur, framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga) um liðlega 90 milljarða eða 47%. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar nær tvöfölduðust að raungildi eða um 223 milljarða á verðlagi liðins árs.

Þessar tölur undirstrika réttmæti staðhæfingar um nauðsyn þess að forgangsraða í útgjöldum og að vandinn liggir ekki í of lágum tekjum. Þær minna einnig á að í aðdraganda falls viðskiptabankanna var hinu opinbera – ríki og sveitarfélögum – gert kleift að auka stöðugt útgjöld vegna sífellt hærri skatt-tekna. Mörg sveitarfélög fóru óvarlega og ríkið þandist út. Sagan getur endurtekið sig ef ríkisstjórn og þingmenn ganga ekki hægt um dyr skattagleðinnar.

Liðsmenn Vinstri-grænna eru sannfærðir um að þeim hafi tekist vel til í skattamálum 2009 til 2013. Fyrirverandi formaður flokksins og fjármálaráðherra er á því að með stórkostlegum breytingum á skattkerfinu hafi stærsti hugmyndafræðilegi sigur Vinstri-grænna unnist en því var breytt „nánast eftir okkar eigin formúlu og að grunni til í samræmi við hugmyndir sem ég teiknaði upp í bók sem ég skrifaði 2006“.

Ekki verður gerður ágreiningur um þessa staðhæfingu Steingríms J. Sigfússonar.

Skattagleði vinstrimanna byggist á þeirri staðföstu trú að ríkissjóður „kasti frá sér tekjum“ með lækkun skatta og afnámi gjalda og tolla. Fátt spillir gleðinni meira en að ríki og sveitarfélög „afsali sér tekjum“ og „veiki skattstofna“.

Sjálfstæðismenn geta aldrei tekið þátt í gleði af þessu tagi, enda sannfærðir um að „mesta kjarabót Íslendinga felist í lækkun skatta“, sem stuðlar að „meiri fjárfestingu og aukinni verðmætasköpun“, eins og sagði í ályktun landsfundar 2013. Tveimur árum síðar var ítrekað að nauðsynlegt væri að taka skattlagningu einstaklinga til endurskoðunar þar sem stefna bæri „að því að tekjuskattur og útsvar einstaklinga lækki í áföngum í samtals 25% á næstu árum og að þessu marki verði náð fyrir árið 2025“.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í skattamálum vefst því varla fyrir nokkrum manni og fyrirheit ríkisstjórnar-innar var að gæta sanngirni og raska

ekki samkeppnishæfni landsins. Stjórnarþingmenn og þá ekki aðeins sá er hér skrifar eiga því auðvelt með að svara spurningunni sem varpað er fram í fyrirsögn:

Auðvitað geta stjórnarþingmenn hafnað skattahækkunum enda er það aldrei siðferðilega eða efnahags-lega rangt að koma böndum á skattmann sem hefur gengið laus.

26. júlí 2017

Hingað og ekki lengra

Þegar ég steig í ræðustól Alþingis síðastliðinn fimmtudag, til að ræða um fjárlagafrumvarp komandi árs, grunaði mig ekki að nokkrum klukkustundum síðar félli ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Öllum var þó ljóst að ríkisstjórnin stæði veikum fótum. Ekki aðeins vegna minnsta mögulega meirihluta á þingi, heldur ekki síður vegna þess að stjórnarflokkarnir gengu ekki í takt í veigamiklum málum. Þetta átti ekki síst við um fjárlagafrumvarpið og hugmyndir fjármálaráðherra um hækkun skatta og gjalda.

Síðasta miðvikudag ágústmánaðar benti ég, hér á síðum Morgunblaðsins, á nokkrar tölulegar staðreyndir: Skatttekjur ríkisins voru

229 milljörðum krónum hærrí að raunvirði á síðasta ári en árið 2000, þar af var tekjuskattur 58 milljörðum hærrí og virðisaukaskattur 48 milljörðum. Útgjöldin hækkuðu um 220 milljarða á sama tíma. Í umræðum um fjárlagafrumvarpið (sem nú verður lagt til hliðar) vakti ég athygli á því að gert væri ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skilaði ríkissjóði rúmlega 178 milljörðum króna á næsta ári sem er nær 17 milljarða hækkun frá síðasta ári. Virðisaukaskattur hækkar um 21 milljarð.



Í heild verða skattar á vörur og þjónustu um 38,5 milljörðum hærrí á komandi ári, gangi áætlanir frumvarpsins eftir, en var á liðnu ári.

76 milljarða hækkun

Í heild er gengið út frá því í fjárlagafrumvarpinu að skatttekjur og tryggingagjöld verði um 76,2 milljörðum hærrí á komandi ári en á síðasta ári. Þetta jafngildir um það bil 900 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Í ræðu minni á fimmtudag bað ég þingmenn að hafa að minnsta kosti eina staðreynd í huga, þegar þeir taka ákvörðun um útgjöld og hversu miklar byrðar þeir ætla að leggja á landsmenn: Skatttekjur ríkisins á hverja fjögurra manna fjölskyldu verða, að teknu tilliti til mannfjöldabreytinga, um 5,9 milljónum króna hærrí að raunvirði á komandi ári en þær voru árið 2000. Þetta eru tæplega 500 þúsund krónur á mánuði.

„Við hljótum að spyrja: Hafa landsmenn fengið betri þjónustu fyrir alla þessa fjármuni? Fyrir þessar tæpu 500 þúsund krónur á mánuði? Alveg örugglega, víða. En ekki alls staðar. Og það er alveg ljóst í mínum huga að töluverðum hluta þessara fjármuna er sóað. Þá spyr ég: Ætla menn virkilega að þynjga byrðarnar?“

Ég hef ítrekað haldið því fram, í ræðu og riti, að vandi ríkissjóðs sé ekki tekjuvandi, þvert á móti. Þess vegna á það ekki að koma neinum á óvart að ég segi: Hingað og ekki lengra:

„Það á ekki að koma ráðherrum þessarar ríkisstjórnar á óvart, ekki samstarfsmönnum mínum í ríkisstjórn á óvart og það á ekki að koma ágætum félögum mínum í stjórnarandstöðunni á óvart heldur. Allt sem ég hef sagt, allt sem ég hef skrifað, allt sem ég hef staðið fyrir undanfarna áratugi getur ekki leitt til annars en að ég segi: Hingað og ekki lengra.“

Gríðarleg aukning tekna á síðustu árum er vísbending um að ríkið eigi fremur að slaka á klónni, slaka á skattaklónni. Mikil raunaukning útgjalda, þung vaxtabyrði ásamt samsetningu eigna og skulda, rennir stoðum undir þá fullyrðingu að rekstur ríkisins er óhagkvæmari í dag en hann var fyrir nokkrum árum, tíu, fimmtán árum. Við erum sem sagt ekki að nýta sameiginlega fjármuni okkar með þeim hætti sem gera verður kröfu til. Og við erum heldur ekki að nýta sameiginlegar eignir okkar landsmanna með sem hagkvæmustum hætti og landsmenn eiga kröfu til að gert sé.“

Gengið of nærri almenningi og fyrirtækjum

Í andsvörum undirstrikaði ég að ef gengið væri of nærri almenningi og fyrirtækjum með þungum álögum veiktust skattstofnar en styrktust ekki eins og margir vinstirimenn eru sannfærðir um. Ef hins vegar er gætt hófsemdar í álögum á fyrirtæki og einstaklinga styrkist þróttur þeirra og ýtt er undir athafna- og framtakssemi. Ríkissjóður fær auknar tekjur til að sinna þeim nauðsynlegu verkum sem allir eru sammála um að ríkið eigi og þurfi að sinna.

Í ræðu minni sagði ég einnig:

„Lausnin getur því ekki falist í að auka útgjöld enn frekar eða hækka skatta, leggja þyngri byrðar á launafólk og fyrirtæki. Auðvitað þurfum við að standa með myndarlegum hætti að heilbrigðis-kerfinu, byggja það enn frekar upp og tryggja að allir fái bestu mögulegu þjónustu óháð efnahag. Við eigum líka ýmis verkefni óunnin þegar kemur að almannatryggingakerfinu eins og ég hef áður vikið að í þessum ræðustól. Það er hluti eldri borgara, sem lagði grunninn að þeirri velferð sem ég hef fengið að njóta og við hér öll, sem býr við kröpp kjör. Við þurfum að huga sérstaklega að þeim. Ég hef ítrekað sagt að mér sviður að okkur skyldi ekki hafa tekist að gera breytingar á lögum um tryggingakerfi öryrkja; að innleiða hlutabótakerfi, að taka upp starfsgetumat og styrkja fjárhagslega stöðu öryrkja. Þar hef ég sérstakar áhyggjur af ungum öryrkjum sem eiga lítil og jafnvel engin réttindi í almennu lífeyris-kerfi.

Þetta verkefni blasir við. Við þurfum að setja aukna fjármuni í það. En þeir fjármunir eru líklegast til staðar í ríkissjóði, í ríkiskerfinu, því að við erum ekki að nýta fjármunina með skynsamlegum hætti heldur sóa þeim að nokkrum hluta, að minnsta kosti. Við getum hins vegar deilt um hversu stórum hluta. Þetta snýst allt um að nýta fjármuni með skynsamlegum hætti, þetta snýst um það hvernig við forgangs-röðum, byggjum upp kerfi, skipuleggjum heilbrigðisþjónustuna o.s.frv.“

En heildarálögur verða ekki auknar með mínu samþykki. Þetta er og hefur alltaf verið skýrt og á ekki að koma neinum á óvart.

20. september 2017



„Við höfum ákveðið að sameina kraftana“

Góðar líkur eru á að ný ríkisstjórn taki til starfa á næstu dögum. Þegar þetta er skrifað er ekkert frá-gengið en unnið er að myndun samsteypustjórnar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri-grænna.

Takist formönnum flokkanna þriggja ætlunarverk sitt getur ný ríkisstjórn markað þáttaskil í stjórn mála-sögu landsins. Það er rétt sem Hjörtur J. Guðmundsson blaðamaður segir á mbl.is að um sögulegan atburð sé að ræða „enda hafa Sjálfstæðisflokkurinn og flokkurinn lengst til vinstri á Alþingi ekki starfað saman í ríkisstjórn síðan í nýsköpunarstjórninni svonefndri sem var við völd á árunum 1944-1947“.

Ekki voru allir á eitt sáttir um Nýsköpunarstjórnina og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins studdu stjórnina ekki þrátt fyrir að hún væri undir forsæti Ólafs Thors. Þá eins og stundum áður og síðar varð að velja óþægilegan kost fram yfir óþolandi. Í stjórn málum geta menn neyðst til að leika varnarleiki gegn verri kostum, líkt og Edmund Burke benti á.

„Eins og menn sjá hefur stjórnin sett sér þau tvö höfuðmarkmið að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands út á við og að hefja stórvirka nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar,“ sagði Ólafur Thors í þingræðu þegar hann kynnti málefнасamning Sjálfstæðisflokks, Sósíalístaflokks og Alþýðuflokks.

Ólafur gerði sér fyllilega ljóst að samstarf við Sósíalístaflokkinn væri umdeilt:

„Menn eru misjafnlega trúaðir á, að þetta samstarf blessist. Ég skil það vel. Ríkisstjórnin hefur sjálf sínar efasemdir. Einnig og ekki síst vegna þess, að margt mun verða á okkar vegi, sem við nú eigum á enga von, og mundi þó ærinn vandi við það að ráða, sem við þykjumst sjá, að í vændum er.“

Flokkarnir þrír sem stóðu að Nýsköpunarstjórninni höfðu „í grundvallaratriðum sundurleitar skoðanir á, hvaða þjóðskipulag henti Íslendingum best. Þeir hafa nú komið sér saman um að láta ekki þann ágreining aftra sér frá að taka höndum saman um þá nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar, sem ég hef lýst og er kjarni málefnasamningsins og byggð á því þjóðskipulagi, sem Íslendingar nú búa við“.

„Við slíðrum flokkssverðin“

Undir lok ræðunnar sagði Ólafur um samstarf hinna ólíku flokka:

„Við slíðrum flokkssverðin. Við semjum vopnahlé um hríð. Við höfum ákveðið að sameina kraftana, í því skyni að freista þess að tryggja, að hinn óvænti gróði reynist eigi aðeins stundar víma, heldur grundvöllur nýrra athafna, nýrra afkomuskilyrða, nýs menningarlífs, breyttrar og bættrar afkomu fyrir þá þjóð, sem lengst af hefur búið ófrjáls og efnalega snauð í landi sínu, en nú hefur öðlast frelsi og sæmileg skil-yrði til góðrar efnahagsafkomu.“

Sagnfræðingar og hagspekingar geta deilt um árangur Nýsköpunarstjórnarinnar en varla er hægt að gera ágreining um að mikilvæg skref voru stigin í atvinnumálum og þannig lagður grunnur að bættum lífskjörum. En um leið og áttak var gert í atvinnumálum urðu þáttaskil í uppbyggingu velferðarkerfisins með lögum um almannatryggingar sem leystu af hólmi lög um alþýðutryggingar frá 1936. Sérstakur stuðningur við barnmargar fjölskyldur var tekinn upp, sjúkradagpeningar, öllum launþegum voru tryggðar slysabætur, ekkjubætur voru innleiddar sem og barnalífeyrir. Greiðsla elli- og örorkubóta var flutt frá sveitarfélögunum til Tryggingastofnunar.

Uppbygging almannatrygginga var í samræmi við fyrirheit sem gefin voru en í áður nefndri ræðu sagði Ólafur Thors:

„Ríkisstjórnin hefur með samþykki þeirra þingmanna, er að henni standa, ákveðið, að komið verði á á næsta ári svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem ná til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágranna-þjóðanna.“

Nýsköpunarstjórnin missti meirihluta þegar sósíalistar sögðu skilið við stjórnina vegna Keflavíkursamningsins 1946. Kalda stríðið var að hefjast og lönd og stjórnmalaflokkar skipuðu sér í fylkingar. Ólafur Thors var sannspár 1944 um „að margt mun verða á okkar vegi, sem við nú eigum á enga von“. Það er gömul saga og ný, að það er fremur hið ófyrirséða sem fellir ríkisstjórnir en stefna og margorða yfirlýsingar í upphafi kjörtímabils.

Eðli samsteypustjórna

Málamiðlun er forsenda þess að hægt sé að mynda ríkisstjórn tveggja eða fleiri flokka. Allir þurfa að gefa eitthvað eftir – sætta sig við að geta ekki uppfyllt öll loforð sem gefin hafa verið. Þeir flokkar sem taka höndum saman í ríkisstjórn þurfa að setja sitt mark á stefnuna og standa um leið vörð um grunn-stef hugsjóna sinna, þrátt fyrir málamiðlanir. Með sama hætti og niðurstaða kosninga endurspeglast við ríkisstjórnarborðið hlýtur stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar að mótast með hliðsjón af þingstyrk stjórnarflokkanna.

Sanngjarnar málamiðlanir eru forsenda þess að ólíkir stjórnmalaflokkar og pólitískir andstæðingar taki höndum saman, en það er til lítills að hefja samstarf ef trúnaður og traust er ekki fyrir hendi. Þegar og ef fulltrúar andstæðra póla í íslenskum stjórnmalum ákveða að gerast samverkamenn eru þeir að gefa fyr-irheit um að takast sameiginlega á við það ófyrirséða – leysa verkefni og vandamál sem alltaf koma upp og allar ríkisstjórnir þurfa að glíma við, með misjöfnum árangri. Flokkssverðin eru slíðruð og vopnahlé samið um hríð.

22. nóvember 2017

Að afla hugsjónum fylgis og brautargengis

„Sjálfstæðisflokkurinn getur endurheimt stöðu sína sem kjölfesta og leiðandi afl í íslenskum stjórnámálum með því að endurnýja traust og trúnað við launþega og atvinnurekendur. Sú endurnýjun verður hins vegar ekki nema forystumenn flokksins viðurkenni af einlægni að þeir sofnuðu á verðinum og undir forystu flokksins náði ríkið að þenjast út. Sjálfstæðisflokkurinn þarf einnig að horfast í augu við þá staðreynd að, sem stjórnámálaflokkur gleymdi hann úr hvaða jarðvegi stefna hans og hugsjónir eru spróttnar. Ekki vegna þess að almennir flokksmenn hafi rifið upp ræturnar, heldur gleymdi flokkurinn, sem stofnun, fortíð sinni og sögu. Engu skiptir hvort um einstakling, stjórnálahreyfingu eða þjóð er að ræða; ef fortíðin, sagan og menningin eru grafin í kistu gleymskunnar, tekur rotnunin við. Hægt í fyrstu, en síðan stöðugt og hratt, uns ekkert er eftir annað en moldin.“

Þannig hljóðaði inngangur að ítarlegri grein sem ég skrifaði sumarið 2011 og birt var í tímaritinu *Þjóðmálum* undir fyrirsögninni; *Manifesto hægri manns*. Þar hélt ég því fram að Sjálfstæðisflokkurinn yrði að leita aftur til fortíðar – finna ræturnar að nýju – um leið og sýn til framtíðar væri mótuð. Sjálfstæðisflokkurinn eigi að nýju að verða regnhlíf allra þeirra sem vilja takmarka völd ríkisins, tryggja frelsi borgaranna, standa vörð um öflugt velferðarkerfi og vera gæslumenn menningar og sögu landsins.

Tillagan var í sjálfu sér einföld:

„Sjálfstæðisflokkurinn á að lýsa því yfir að hann sé flokkur atvinnurekenda, flokkur launamanna, flokkur bænda, flokkur þeirra sem þurfa á samhjálp að halda, flokkur unga fólksins og þeirra sem eldri eru. En fyrst og fremst á Sjálfstæðisflokkurinn að lýsa því yfir að hann sé flokkur millistéttarinnar – hins venjulega Íslending.“

Hugað að rötunum

Stjórnámálamaður sem vill hafa áhrif og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd þarf að vega það og meta hvernig best og skynsamlegast

sé að standa að verki. Aðstæður eru mismunandi og það er ekki alltaf sjálfgefið að best sé að afla hugsjónum fylgis og vinna þeim brautargengi með því að taka þátt í ríkisstjórn. Á stundum er árangursríkara – að minnsta kosti til lengri tíma litið – að standa utan ríkisstjórnar og gefa sér tíma til að huga að rötunum, sjálfstæðisstefnunni sem er sprottin úr íslenskum jarðvegi og mótuð í takt við nýja tíma.

Þegar greinin í Þjóðmál var skrifuð fyrir sex árum, voru aðstæður allt aðrar en í dag, jafnt í stjórnámálum sem efnahagsmálum. Vinstri stjórnin sem var við völd var staðráðin í að umblyta íslensku samfélagi og það var sótt sérstaklega að millistéttinni. Sjálfstæðisflokkurinn hafði að nokkru náð aftur vopnum sínum í öflugri stjórnarandstöðu en ekki tekist að endurheimta pólitískt sjálfstraust sem fæst með öflugri hugmyndabaráttu. Ég hélt því fram að á árunum fyrir hrun fjármálakerfisins hefði flokkurinn orðið sinnulaus, hætt að tefla fram hugmyndum. Við sjálfstæðismenn hefðum misst þróttinn til að móta nýjar hugmyndir. En verst hafi verið að við vorum tilbúin til að samþykkja í stað þess að gagnrýna. Aðferðafræði tæknirata náði yfirhöndinni. Hugmyndafræðileg barátta varð undir og þess í stað var sest niður, málin rædd yfir teikniborði tækniratans og komist að niðurstöðu á grundvelli samfélagsverkfræði, hagsmunamats og hagkvæmni.

Gamalt kjörorð og ný ríkisstjórn

Ég var (og er enn) sannfærður um að nauðsynlegt væri fyrir Sjálfstæðisflokkinn að segja tæknilegum kratisma stríð á hendur og taka völdin af samfélagsverkfræðingum. Hefja hugmyndafræðilega baráttu aftur til vega og virðingar, berjast fyrir heilbrigðu þjóðfélagi undir gömlu kjörorði okkar – *Gjör rétt, þol ei órétt* – sem vísar til þess að við viljum að sanngirni og virðing sé í öllum samskiptum.

Hlutverk Sjálfstæðisflokksins er að taka málstað kaupmannsins á horninu, dugnaðarforksins sem hefur komið á fót litlu iðnfyrirtæki, framtaksmannsins sem hefur lagt allt undir við að byggja upp þjónustu við ferðamenn, hugvitsmannsins sem býður nýjar og betri lausnir. „Gjör rétt, þol ei órétt, vísar til þess að við sjálfstæðismenn viljum byggja upp frjálst viðskiptalíf þar sem heiðarleg og sanngjörn samkeppni fær að njóta sín,“ sagði í Þjóðmálagreininni og nokkru síðar:

„Gjör rétt, þol ei órétt, vísar ekki aðeins til þess loforðs okkar sjálfstæðismanna að tryggja hér heilbriggt og kraftmikið atvinnulíf. Þetta er loforð um að tryggja samfélag samhjálpur og náungakærleika. Samfélag þar sem þeir sem minnst mega sín eiga öfluga talsmenn –

Til varnar frelsinu

harða baráttumenn fyrir velferðarþjóðfélagi sem Sjálfstæðisflokkurinn átti öðrum fremur þátt í að byggja upp. En um leið viljum við koma böndum á ríkið og hið opinbera. Við sjálfstæðismenn eigum aldrei að sætta okkur við þann órétt að hið opinbera seilist æ dýpra í vasa skattgreiðenda.“

Þegar þetta er ritað liggur fyrir einlægur ásetningur forystumanna Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að mynda nýja ríkisstjórn. Síðar í dag munu flokksstofnanir fara yfir málefnasamning og verkaskiptingu flokkanna.

Fyrir okkur Sjálfstæðismenn skiptir mestu að störf og stefna nýrrar ríkisstjórnar taki mið af einkunnarorðum flokksins. Að ríkisstjórnin verði ríkisstjórn hins venjulega Íslendinga – kennarans, sjómannsins, bóndans, iðnaðarmannsins, verkakonunnar, hjúkrunarfræðingsins, litla atvinnurekandans. Að bakbein íslensks samfélags – millistéttin – skynji að ríkisstjórnin ætlar að standa vörð um lífskjör og sækja fram. Við þurfum að sannfærast um að með þátttöku í ríkisstjórn náum við árangri og höfum tækifæri til að tryggja framgang hugsjóna okkar.

29. nóvember 2017